




Bls. 5



Brýnt að tímasetja framkvæmdir

Bls. 12



Sjómenn velkomnir í Eflingu

Bls. 17



Vekur ugg meðal starfsmanna

TEWAPEYKJAVIK / SIA / Jóns Bláinn Grímsson

Þú þarft ekki heppni til að vinna!

Vinningslíkurnar í Happraætti Háskólans eru ótrúlega miklar. Jafnvel seinheppnasta fólk getur unnið!

Í hverjum mánuði eru um 3.000 vinningar dregnir út eða 36.000 á ári. Vinningshlutfall er 70% sem þýðir að 70% af tekjum fer beint til miðaeigenda aftur í formi vinninga.

HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



Þú getur keypt þér miða á hhi.is, hjá næsta umboðsmanni eða með því að hringja í 800 6611



JANÚAR 2009
1. TÖLUBLAÐ • 14. ÁRGANGUR
UPPLAG 20.000 EINTÖK

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Bláðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas
Atli Lýðsson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Erna Björk Jóhannesdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hallsteinn Friðbjófsen
Harpa Ólafsdóttir
Herdís Steinarsdóttir
Hjördís Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarsson
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Ragnheiður Baldursdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þráinn Hallgrímsson

Starfsafl

Sveinn Aðalsteinsson
Valdis Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættúni 1
Sími 510 7500/fax 510 7501
www.efling.is
Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.

Skrifstofa Suðurlandi
810 Hverqagerði
Sími 483 4525/fax 483 4025
Netfang bodinn@efling.is



Sigurður Bessason

Stjórnmalamenn beri ábyrgð!

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með stjórnmalamönnum þessa lands undanfarnar vikur. Aldrei fyrr í lýðveldissögunni höfum við þurft meira á raunverulegum leiðtogum að halda. Aldrei fyrr hefur íslenska þjóðin staðið frammi fyrir öðru eins risaverkefni og því að komast gegnum efnahagslegt fávíðri síðustu mánaða. Því miður höfum við upplifað fálum og fúm, kolvitlaus og bitlítill úrræði þegar þörf var á snöggum ákvörðunum og miklu frumkvæði af hálfu stjórnvalda.

Síðastliðin tvö ára hafa dunið á ráðamönnum spár og viðvaranir um yfirvofandi efnahagsþrengingar, háa verðbólgu og hrun atvinnulífsins bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Alþýðusambandið hefur margoft varað við þenslunni og afleiðingum hennar. Þó að fáir eða engir hafi getað séð bankahrunið og afleiðingar þess fyrir, létu samt ráðamenn allar aðvaranir sem vind um eyru þjóta. Engin vinna var sett í gang til að greina stöðuna. Engum viðvörunarflöggum var veifað.

Öll viðbrögð ríkisstjórnar hafa verið á eina bókina. Almennir hafa kallað árangurslaust eftir upplýsingum. Krafist hefur verið upplýsinga um fall bankanna, forsendur ákvarðana stjórnvalda, ábyrgðar ráðherra og helstu embættismanna, neyðarráðstafana vegna heimilanna í landinu sem nú eru að komast á vonarvöl.

Viðbrögðin eru hörmuleg. Enn sitja nánast allir þeir í embættum sem með aðgerðaleyfi og röngum ákvörðunum voru valdir að hruninu. Ennþá stýra bönkum og helstu fjármálastofnunum sömu menn eða aðstoðarmenn þeirra. Öllum kröfum almennings um breytingar hefur í reynd verið vísað á bug. Kröfum almennings um lækun verðbólgu og verðhjöðnun til að hafa áhrif á verðtryggingarþátt lána, hefur verið svarað með stórfelldum hækkunum á olíuvörum og áfengi sem snarhækka lán almennings í gegnum verðbólgu.

Verðtryggingin sem í dag er einn versti bölvöldur heimilanna er rekin áfram af verðbólgu sem nærast á veikum gengi íslensku krónunnar. Óstöðugleikinn í gengismálum skrifast fyrst og fremst á þá staðreynd að íslenska krónan er örmynt sem ekki getur risið undir því hlutverki að vera gjaldmiðill þjóðar. Eitt af forgangsverkefnum næstu vikna er að finna lausn á gjaldeyrisvanda þjóðarinnar og ná fram stöðugleika í leiðinni. Það verður best gert með upptöku evrunnar og umræðu um aðild að Evrópusambandinu.

Enn bolar ekki á tímasetningu framkvæmda á þessu ári. Atvinnuleysið á landinu nálgast nú 10.000 manns og hefur aldrei fyrr aukist svo hratt á lýðveldistímanum. Brýnasta verkefni samfélagsins er að spyrna við fótum svo hægt sé að búa til vendipunkt þar sem allir leggist á eitt í viðspyrnunni og þar er enginn undanskilinn. Eini ljósi punkturinn við þessar tölur að það eru um eittþúsund manns sem eru skráðir á atvinnuleysisráð sem eru með bætur á móti lækkuðu starfshlutfalli. Það er full ástæða til þess að hvetja atvinnurekendur og launamenn að skoða þennan valkost sem tímabundna lausn.

Í upphafi þessa árs hefjast viðræður aðila vinnumarkaðarins um kjarasamningsgerð fyrir komandi ár. Að þeirri vinnu koma allir helstu aðilar vinnumarkaðarins þar sem úrlausnarefnið verður að finna leið að sátt sem getur skapað okkur viðsnúning á næstu tveimur árum. Því miður hafa stjórnvöld ekki auðveldað samningaðilum þessa vinnu framundan. Þar er allt undir.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Flestir samþykktu	4	What support do you get	27
Mikilvægt að tímasetja	5	Öll námskeiðin á vorönn	28
Samningum ólokið	6	Atvinnuleysisbætur	30
Blómlegt í Kjörís	8	Nám fyrir trúnaðarmenn	32
Jákvætt að efla menntun	10	Nám fyrir alla	33
Sjómenn velkomnir	12	Stattu með sjálfum þér	34
Getum betur aðstoðað	14	Ekki hugmynd um margt	35
Það sem tryggingar snúast um	16	Versti dagurinn	37
Vekur ugg meðal starfsmanna	17	Margir að útskrifast	38
Páskaúthlutun	18	Fréttir frá Starfsafli	42
Fræðslustyrkinn strax	23	Samið við Sorpu	45
Eflum sjálfstraustið	24	Hjálparstarf Eflingar	46
Tímamót hjá leikskólaliðum	26	Útgreiðslur séreignarsparnaðar	53



Starfsmenn borgar og sveitarfélaganna

Flestir samþykktu samninginn

Ljóst er að flestir starfsmenn Reykjavíkurborgar, Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar sem eru félagsmenn í Eflingu eru sáttir við þann kjarasamning sem Efling gerði við sveitarfélögin. Þátttakan í atkvæðagreiðslunni var dræm en langflestir félagsmenn greiddu atkvæði með samningnum. Úrslitin voru þannig mjög afgerandi. Um 91% félagsmanna sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni greiddu atkvæði með samningnum.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að líklegasta skýringin á dræmri þátttöku sé sú að félagsmenn hafi tal-

Mikilvægast af öllu að hafa náð jafnstöðu við aðra hópa þjóðfélagsins

id sjálfsgefið að niðurstaðan væri nánast ráðin fyrirfram. Það er auðvitað slæmt að fá dræma þátttöku en við getum auðvitað gefið okkur að fólk hefði mætt á kjörstað ef það hefði verið ósátt, sagði hann. Mikilvægast af öllu er þó að hafa náð jafnstöðu við aðra hópa í þjóðfélaginu, segir hann. Það var alls ekki sjálfsgefið miðað við hljóðið í forsvarsmönnum sveitarfélaganna á tímabili.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar eru eftirfarandi:

Hjá Reykjavíkurborg voru á kjörskrá 1951

Atkvæði greiddu 333 eða 17%
Já sögðu 305 eða 91,6%
Nei sögðu 27 eða 8,1%
Einn seðill var auður eða ógildur eða 0,3%

Hjá öðrum sveitarfélögum voru á kjörskrá samtals 383

Atkvæði greiddu 70 eða 18,3%
Já sögðu 63 eða 90%
Nei sögðu 7 eða 10%



Efling-stéttarfélag

Mikilvægt að stjórnvöld tíma- setji framkvæmdir

- segir Sigurður Bessason

Við finnum það mjög vel hjá starfsmönnum fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð að það er lykilatriði

núna að stjórnvöld tímasetji sem fyrst framkvæmdir sem hefjast eiga á útmánuðum, segir Sigurður Bessason,

Félögin skora á ríkisstjórn, sveitastjórnir og atvinnurekendur að taka höndum saman um þetta mikilvæga verkefni

formaður Eflingar. Það mun létta róðurinn mjög mikið fyrir þau fyrirtæki og starfsmenn sem núna eru í óvissu ef yfirvöld standa við fyrirheit sín um mannaflsfrek verkefni á næstu árum með því að fyrirtækin sjái fljótlega hvað er í farvatninu. Fjöldmennur sameiningarfundur trúnaðarráða Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans og Eflingar-stéttarfélags samþykkti ályktun um þetta efni í desember.

Í ályktun trúnaðarráða félaganna sem nú eru sameinuð í Eflingu lýsa þau yfir þungum áhyggjum af þróun atvinnumála á undanförunum vikum. Á níunda þúsund manns eru nú án atvinnu á landinu og í hverri viku bætast við mörg hundruð manns á skrána.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að stefnt verði að mannaflsfrekum, atvinnuskapandi aðgerðum á vegum ríkisins með þátttöku sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins.

Félögin krefjast þess að stjórnvöld tíma-setji nú þegar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru þannig að hægt sé að búa til öfluga viðspyrnu í atvinnumálum.

Atvinnuleysisbölinu verður að bægja frá dyrum landsmanna með öllum tiltækum ráðum. Félögin skora á ríkisstjórn, sveitastjórnir og atvinnurekendur að taka höndum saman um þetta mikilvæga verkefni.

Páskar – Páskar Páskar!!

Munið að skila umsóknum um páskadvöl í sumarhúsum á réttum tíma!

**Umsóknareyðublað fylgir
þessu blaði.**

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmannna



Anna Lilja Sigurðardóttir



Karl Ó. Karlsson

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli kl. 13.00 og 16.00. Það eru lögmennirnir Karl Ó. Karlsson og Anna Lilja Sigurðardóttir frá lögmannsstofunni LAG lögmenn sem eru til aðstoðar. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.

Einkareknir leikskólar

Samningum ekki lokið



Breytingar eru nú yfirstandandi á samningssviði einkarekinnna leikskóla. Samtök sjálfstæðra skóla sem Margrét Pála Ólafsdóttir er í forsvari fyrir með Hjallastefnunni hefur markað stefnu um að sjálfstæðu leikskólarnir gangi inn í Samtök atvinnulífsins og þá fari þeir um leið úr því opinbera samningsumhverfi sem þeir hafa verið í.

Samningar eru þess vegna komnar á borð SA og samningaviðræður í gangi milli aðila. Samtökin hafa óskað eftir að gerður verði heildstæður kjarasamningur við Eflingu en gengið yrði fyrst frá samkomulagi við Eflingu fyrir hönd starfsmanna einkareknu leikskóla um sambærilegar hækkanir og aðrar kjarabreytingar og starfsmenn sveitarfélaganna hafa fengið. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli af hálfu Eflingar að ganga frá samkomulaginu sem fyrst og jafnsetja þar með kjör þessa hóps við aðra sambærilega hópa, hafði þeim viðræðum lítið miðað þegar blaðið fór í prentun.

Félagsmenn Eflingar sem heyra undir Samtök sjálfstæðra skóla ná til um 25 vinnustaða og eru um 250 talsins.



- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLISTAR- OG SÖNGNÁM
- LEIKLIST FYRIR BÖRN
- NÁMSAÐSTÖÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR
- FJARNÁM VIÐ HA
- DAGFORELDNÁMSKEIÐ

NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR

• MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Námskeið á vorönn 2009 hefjast 26. janúar

Nánari upplýsingar og innritun í síma **585-5860**

Ný námskrá kemur út um miðjan janúar og verður aðgengileg á netinu: **www.nhms.is**

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2009

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 38.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
PRACTICE
CENTER

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa lítila reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Á námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfssöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Tölflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýttist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stund./60 klukkust. Verð: 79.900.

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýriféið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Tölflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 64.900

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **stýrja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forfalli, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Vefhönnun og margmiðlun



Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spannandi og skemmtilegt nám.

Helstu kennslugreinar

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I-II margmiðlun

Lengd: 108 st./72 klst. Verð: 129.900

Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 49.900

Flash nám

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

Flash I: 18 st./12 klst. Verð: 27.900

Flash II: 18 st./12 klst. Verð: 27.900

Flash I+II: 36 st./24 klst. Verð: 49.900

Photoshop nám

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta forritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndir og prentun.

Photoshop I: 27 st./18 klst. Verð: 32.900

Photoshop II: 18 st./12 klst. Verð: 32.900

Photoshop I+II: 45 st./30 klst. Verð: 59.900

DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 32.900

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbyr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Lengd: 94 stundir/63 klst. Verð: 159.900

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndir á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Hagnýtt bókhaldsnám

Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúinir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeiðið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flókarni færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bóvari og geta gengið frá sundurliðunum til skatta-

uppgjors og ársreikningagerðar til uppgjors- aðila eða endurskoðanda

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Hagnýtt bókhaldsnám I+II: Verð 169.900

MCITP og MCSA nám



Við bjóðum fjölbreytt MCITP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölvu og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Skoðuðu www.tv.is

Hagnýtt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og á hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugakorta og notkun MS Project við gerð verkáætlaða og stjórnun.

Lengd: 54 st./36 klst. Verð: 99.900

Skrifstofunám

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel, ECDL próf tekin.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 186 stundir/124 klst. Verð: 139.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Sparaðu og bættu bókhaldi og fleiri greinum við skrifstofu- og tölvunámið.

Lengd: 318 stnd./212 klst. Verð: 229.900

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál off.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 270 stnd./180 klst. Verð: 189.900

Stutt námskeið

Skoðuðu vefsíðuna okkar þar sem þú finnur mikið úrval stuttra námskeiða sem henta öllum, byrjendum sem lengra komnum!

Skoðuðu www.tv.is

Eflingarfélagar fá góðan afslátt hjá okkur!

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

Meira en 2000 manns sækja nám hjá okkur á hverju ári!

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Vinnustaðaheimsóknin er í Kjörís í Hveragerði

Blómlegt félagslíf meðal starfsmanna

- segir Björn Hauksson



Um áramótin sameinuðust Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn og Eflingstéttarfélag. Við brugðum okkur austur í Hveragerði og tókum hús á félagsmönnum sem vinna hjá fyrirtækinu Kjörís að þessu tilefni. Björn Hauksson hefur unnið hjá fyrirtækinu í fimmtán ár og sat í stjórn Boðans um árabil. Við hittum hann í lágreistu húsi á athafnasvæði fyrirtækisins þar sem hann vinnur við framleiðslu á plastumbúðum undir íssósar.

Kjörís hóf starfsemi 31. mars 1969 í Hveragerði og hefur verið fjölskyldu-fyrirtæki frá upphafi. Framleiðsluvörurnar voru núggat, súkkulaði og vanillupakkaís ásamt frostpínum en fljótlega bættust við fleiri vörur eins

og íspinnar, toppur, boltaís og ístertur og síðan hafa bæst við fjölmargar vöruegundir.

Starfsmenn eru um fimmtíu og starfsandinn er mjög góður. Björn segir að miklar breytingar hafi orðið á öllum tækjabúnaði hjá fyrirtækinu frá því að hann hóf störf þar. Frystigeymslur og húsnæðið hafi stækkað umalsvert. Um vinnuadstöðu og aðbúnað fyrir starfsmenn segir Björn að hvoru tveggja sé í góðu lagi. Reyndar höfum við ekki aðgang að mötuneyti en kaffistofan er vel búin góðum heimilistækjum. En við komum með nesti að heiman, segir hann.

Blómlegt félagslíf er meðal starfsmanna í Kjörís, segir Björn. Við erum með starfsmannafélag sem stendur fyrir árshátíðum og gönguferð og grillveislu á sumrin og þegar jólin nálgast er boðið uppá jólaföndur og jólahlaðborð.

Fyrirtækið verður fjörutíu ára á næsta

ári og að því tilefni var starfsfólkinu boðið í helgarferð til Montreal í Kanada sl. haust. En ég var í hópi þeirra sem sátu heima og pössuðu fyrirtækið, segir hann og brosir.

Ekki fleiri eintök til af slíkum manni

Björn sat í stjórn Verkalýðs- og Sjómannafélagsins Boðans í nokkur ár og þess vegna liggur beinast við að spyrja hvernig honum líttist á sameiningu Boðans og Eflingar. Ég hef ekkert nema gott um það að segja og ég er viss um að það er aðeins tímaspursmál hvenær hin félögin á svæðinu fylgi í kjölfarið. Þó ekki væri til annars en að fá aðgang að öflugri sjóðum og fjölbreyttari þjónustu. Þegar Björn er spurður hvort að hann muni sakna stjórnarseturnar segist hann eiga eftir að sakna félaga sinna í stjórninni. En mest verður eftirsjáin af samstarfi mínu við Þórð Ólafsson formann. Hann er einstakur maður og ég held að það séu ekki til fleiri eintök af slíkum manni.

Aðeins tímaspursmál hvenær hin félögin á svæðinu fylgja í kjölfarið. Þó ekki væri til annars en að fá aðgang að öflugri sjóðum og fjölbreyttari þjónustu



Lena Poulsen

Mjög gott að vinna hérna

núna eins og ástandið er hjá þjóðinni. Þegar Lena er spurð hvort að kreppan hafi haft einhver áhrif á vinnustaðnum segir hún að eftir að lokað var fyrir aðgang að gjaldeyri hafi staðið á hráefni og varahlutum um tíma. En þá var hægt að hagræða og fara í framleiðslu á öðrum vörum, þannig að vinnan hefur ekki stöðvast ennþá. Svo var hætt að flytja inn ís og þá var fundið eitthvað annað til þess að framleiða í staðinn segir hún.

Lena fór með vinnufélögunum til Montreal í afmælisferðina í haust og heppnaðist hún mjög vel. Við gátum bæði gefið okkur tíma til að versla og skoða okkur um í borginni. Síðan var þessi fína afmælisveisla og frábær kvöldstund saman sem seint mun gleymast, sagði Lena og brosti.

Lena Poulsen var að pakka ístertum í öskjur en gaf sér samt tíma til þess að spjalla aðeins við okkur. Hún flutti til Hveragerðis fyrir átta árum og byrjaði að vinna hjá Kjörís stuttu seinna.

Ég vinn við ísgerð og ýmislegt annað sem til fellur, segir hún. Það er mjög gott að vinna hérna. Um launin segir Lena að auðvitað vilji flestir hafa hærri laun og hún sé í þeim hópi en það sé tilgangslaust að hugsa um slíkt

Anna Sigurlína Tómasdóttir

Byrjaði í sumar-afleysingum

Anna Sigurlína Tómasdóttir byrjaði að vinna hjá Kjörís í sumarafleysingum þegar hún var fimmtán ára og hefur unnið hjá fyrirtækinu í sjö ár með hléum. Hún býr á Selfossi og Kjörís er mjög góður vinnustaður. Þess vegna hafi hún valið að keyra daglega á milli frekar en að vinna í sínum heimabæ.

Launin eru líka nokkuð sanngjörn þó að ég hefði ekkert á móti því að þau væru hærri. En eins og ástandið er í dag þá er ég sátt og ég er líka þakklát fyrir að hafa vinnu, segir hún. Aðspurð um afmælisferðina, segist Anna hafa verið í hópnum sem fór en maðurinn sinn hafi setið eftir heima vegna þess að þau fengu ekki barnapössun. Ég hafði farið einu sinni áður til útlanda og þegar maðurinn minn bauðst til þess að hugsa



um börnin á meðan ákvað ég að skella mér með og sé ekki eftir því.

Finnur fyrir kreppunni

Aðspurð um hvort að hún sé byrjuð að finna fyrir kreppunni, segist Anna finna fyrir henni þegar hún fari út í búð að versla. Hún keypti íbúð síðastliðið vor og þá hafi verið reynt að fá hana til þess að taka myntkorfúlán. En hún hafi ekki

látið undan þrýstingi og ákveðið að taka verðtryggt lán hjá Íbúðalánasjóði. Þó að lánið hafi hækkað umtalsvert þá er það ekkert í líkingu við hækkun á myntkorfúlánnum sem eru að sliga mörg heimili og ennþá fleiri munu bætast við á næstu mánuðum, segir hún. En það þýðir ekkert að gefast upp. Maður verður að halda áfram í lífsbaráttunni og brosa framan í heiminn, sagði Anna að lokum.

En það þýðir ekkert að gefast upp



Sigurrós Kristinsdóttir við útskrift hjá Mimi símenntun

Glæsileg aðsókn á fagnámskeið í umönnun

Mjög jákvætt að efla menntunina

- segir Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar

Nú í haust hófu um 80 félagsmenn Eflingar nám á fagnámskeiði I í umönnun og vegna mikillar eftirspurnar var sett á enn eitt fagnámskeið fyrir þá sem voru á biðlista og hefst það nú í byrjun janúar. Það eru því um 100 félagsmenn sem ljúka fagnámskeiði I nú í vetur. Þetta er geysilega jákvæð þróun sem við erum að horfa á hér í aðsókn að menntun fyrir þá sem vinna við umönnunarstörf í Eflingu, segir Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar.

Við höfum í fjölda ára lagt mikla áherslu á menntun þessara starfsmanna og nú sjáum við mjög jákvæðan áfanga

Við höfum í fjölda ára lagt mikla áherslu á menntun þessara starfsmanna og nú sjáum við mjög jákvæðan áfanga í þessu að með aukinni aðsókn að þessu námi mun okkur takast að efla menntun

starfsmanna. Sem betur fer er það svo að langflestir þeirra sem koma á fagnámskeið I skila sér síðan aftur inn á fagnámskeið II og er búið að skipuleggja fimm námshópa nú á vorönninni, segir hún.

Þeir sem hafa hug á að sækja fagnámskeið II í umönnun nú í vor er bent á að skrá sig sem fyrst áður en það verður of seint.

Efling styður Samhjálp

Efling-stéttarfélag studdi nokkur hjálparamtök um þessi jól eins og félagið hefur gert á undanförunum árum. Samhjálp býður skjólstæðingum sínum í mat á aðfangadagskvöld og stundar margvíslegt annað mannúðar- og hjálparstarf. Efling styður einnig Mæðrastreksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands en bæði þessi samtök hafa sinnt fólki sem þarf á stuðningi að halda með matargjöfum

og annarri aðstoð fyrir jólin. Efling-stéttarfélag er auk þess í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar um aðstoð við stéttleysingja í Tamil Nadu héraði á Suður Indlandi. Efling-stéttarfélag sendir þessum samstarfsaðilum hugheilar þakkir fyrir vinnu í þágu þeirra sem nú þurfa að aðstoð að halda. Landsmönnum öllum sendir Efling bestu nýárskveðjur.



Upplýsingar og ráðgjöf

fyrir fólk á vinnumarkaði og atvinnuleitendur



Ræddu hugmyndir þínar
við náms- og starfsráðgjafa
þér að kostnaðarlausu.

Viðtalspantanir
í síma 580 1800 eða á
radgjof@mimir.is



Þarftu að...

**Takast á við
breytingar?**

**Útbúa
ferilskrá?**

Viltu...

**Styrkja stöðu
þína?**

**Skoða náms-
möguleika?**

**Uppgötva nýja
hæfileika?**

**Læra eitthvað
nýtt?**


MÍMIR
símenntun



Séð yfir Þorlákshöfn

Sameining Eflingar og Boðans

Sjómenn velkomnir í Eflingu

-segir Sigurður Bessason

Við sameiningu Boðans og Eflingar verða sjómenn í fyrsta sinn félagsmenn í Eflingu og þar með fær félagið aðild að Sjómannasambandi Íslands og verður aðili að kjarasamningum sjómanna. Það eru um 70 sjómenn sem ganga í Eflingu við þessa samein-

ingu og segist Þórður Ólafsson mjög ánægður með þessa breytingu að sjómenn komi nú inn í mun öflugra félagsumhverfi með auknum stuðningi frá stóru félagi eins og Eflingu. Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands og Sigurður

Sjómenn koma nú inn í mun öflugra félagsumhverfi með auknum stuðningi frá stóru félagi eins og Eflingu

Bessason, formaður Eflingar fagna báðir þessari breytingu. Sjómenn um land allt eru nýbúnir að samþykkja kjarasamning sem fól í sér sambærilegar hækkanir og aðrir hafa fengið.

Mismunandi hve margir sjómenn eru í félaginu

- segir Þórður Ólafsson



Þórður Ólafsson segir að það séu um 70 sjómenn núna sem gangi í Eflingu en félagafjöldi sjómanna á Suðurlandi hefur stundum farið yfir hundrað manns.

Það er breytilegt eftir því hve margir bátar eru á veiðum og þá hafa margir það þannig að þeir eru í vinnu á mótí í landi þann tíma ársins sem ekki gefst vinna á sjó.

Sjómannasambandið hefur gert samningana fyrir sjómenn og hefur Þórður verið í samningamálum fyrir félagið. Það er nýbúið að gera samning núna og úrslit atkvæðagreiðslunnar sýndi afgerandi stuðning við samninginn.



Tveir góðir saman. Sævar Gunnarsson, formaður og Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri SSÍ

Sævar Gunnarsson, formaður SSÍ

Fagnaðarefni

Með sameiningu Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans og Eflingar-stéttarfélags nú um áramótin verður til öflug

sjómannadeild innan Eflingar sem á aðild að Sjómannasambandi Íslands. Það er mikið fagnaðarefni að svo öflugt félag sem Efling er skuli tengjast Sjómannasambandinu með þessum hætti. Ég býð sjómannadeild Eflingar velkomna í Sjómannasamband Íslands og er það ósk

mín sem formanns sambandsins að ég eigi eftir að eiga gott samstarf við félagið í framtíðinni, segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands í kveðju til Eflingar nú þegar sameiningin við Boðann er orðin að veruleika.



Gildi sálræns stuðnings í kreppunni

Betur undir það búin að aðstoða fólk

-segir Harpa Ásgeirsdóttir

Harpa Ásgeirsdóttir var ánægð með námskeiðið

Harpa Ásgeirsdóttir vinnur á Leikskólanum Rauðhól í Norðlingaholti og tók þátt í námskeiði hjá Eflingu þar sem fjallað var um hvaða gildi sálræns stuðning hefur í kjölfar áfalla og í sársaukafullum aðstæðum. Harpa segir að rætt hafi verið um sálræn og líkamleg viðbrögð fólks við áföllum og hvernig hægt er að greina það ef fólk hefur orðið fyrir áfalli. Námskeiðin voru sérstaklega miðuð við að kenna trúnaðarmönnum að takast á við erfiðar aðstæður eins og nú eru í atvinnu- og efnahagsmálum. Harpa var mjög ánægð með námskeiðið og er ástæða til að hvetja trúnaðarmenn til að sækja þau námskeið sem verða í boði á næstu vikum.

Þrjú styttri námskeið verða í boði fyrir trúnaðarmenn á vorönn sem hefst í byrjun janúar og má sjá tímasetningar námskeiðanna hér í miðopnu blaðsins. Mjög góð reynsla fékkst af þeim námskeiðum voru haldin voru fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn eftir bankahrunið 6. október og var það samdóma álit trúnaðarmanna sem tóku þátt í þeim að efni sem fjallað hefur verið um

Námskeiðin voru sérstaklega miðuð við að kenna trúnaðarmönnum að takast á við erfiðar aðstæður eins og nú eru í atvinnu- og efnahagsmálum

hefðu komið að góðum notum í störfum þeirra.

Harpa Ásgeirsdóttir var kosin trúnaðar-

maður Eflingar á vinnustaðnum fyrir skömmu. Á námskeiðinu var fjallað um hvernig þeir sem veita aðstoð eiga að hegða sér og mikilvægi þess að þolandi nærast og hugsi vel um heilsuna þar til áfallið er yfirstaðið. Aðspurð segir Harpa vera ánægð með námskeiðið og hún sé betur undir það búin að aðstoða fólk sem hefur orðið fyrir áfalli af völdum fjármálakreppu eða af öðrum orsökum.



Þátttakendur á námskeiðinu hressir og kátir eftir að hafa þegið veitingar í kaffipásu

Verðtryggðu sparnaðinn þinn á NET+

Verðtrygging + hagstæð ávöxtun
Kláraðu málið núna á **byr.is**



Helstu kostir

- Verðtryggður reikningur
- Hagstæðasta ávöxtun sem völ er á fyrir langtímasparnað
- Enginn kostnaður við stofnun
- Engin þjónustugjöld eða aðrar þóknanir
- Bundinn í 3 ár

NET+ er einungis hægt að stofna á netinu og ber hann þess vegna betri vexti en hefðbundnir sparnaðarreikningar.





Vinnuslys

Þar sem tryggingar snúast um launafólk - eða hvað?

Eftir Karl Ó. Karlsson, hrl.

Í kjarasamningum Eflingar-stéttarfélags, sem og annarra stéttarfélaganna, hefur verið lögð mikil áhersla á að tryggja launafólki sómasamlegar bætur ef vinnuslys leiðir til örorku eða dauðsfalls. Talsvert hefur áunnist í þeim efnum og sem dæmi má nefna að í síðustu kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði náðist fram veruleg hækkun bótafjárhæða. Samkvæmt kjarasamningum er atvinnurekendur skyldur að tryggja launafólk í samræmi við þessi ákvæði, en í daglegu tali eru þessar tryggingar nefndar slysaftryggingar launþega eða launþegaftryggingar.

Í gegnum árin hefur ríkt alger friður um þessar tryggingar gagvart tryggingafélögum og uppgjörsferlið verið í föstum skorðum. Nú er hins vegar öldin önnur. Tiltekið tryggingafélag hefur nú tekið upp á því að synja um bætur í þeim

tilvikum ef starfsmaður sá sem lendir í vinnuslysi hefur ekki tilkynnt um slysið innan 1 árs frá því slysið gerðist. Þessi nýja og breytta afstaða tryggingafélagsins er rökstudd með vísan til ákvæða sem gilda um persónutryggingar í nýlegum lögum um váttryggingasamninga (lög nr. 30/2004) sem tóku gildi 1. janúar 2006.

Kaldhæðnin er sú að með setningu nefndra laga þá voru yfirlýst markmið löggjafans m.a. þau að auka neytendavernd og binda í lög reglur um svo kallaðar hópvátryggingar, en slysaftryggingar launþega falla einmitt í þann flokk. Skömmu áður en lögin tóku gildi voru hins vegar samþykktar breytingar á lögum (með lögum nr. 118/2005). Þar var sú „veigalitlega“ breyting gerð, að tilstuðlan samtaka tryggingafélaga, að því er varðaði slysaftryggingar launþega að reglum um hópvátryggingar var kippt út, m.ö.o. ákveðið var að reglur um hópvátryggingar giltu ekki um slysaftryggingar launþega. Í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar var breytingin rökstudd með svofelldum hætti: „Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að gildissvið 61. gr. laganna sem

fjallar um persónutryggingar þykir fullviðtækt, einkum með tilliti til kjarasamninga launþega á vinnumarkaði.

Slysaftryggingar launþega munu falla undir ákvæði laganna um hóptryggingar en slíkar tryggingar hafa hingað til verið, og verða áfram, tryggðar með kjarasamningum aðila á vinnumarkaði. **Framkvæmd kjarasamningsbundinna trygginga hefur þótt einföld í framkvæmd og haft í för með sér tiltölulega lítinn kostnað við umsýslu og er því ekki ástæða til að hrófla við þeim.** [feitletrun K.Ó.K.].

Svo ég víki aftur að tryggingafélaginu þá hefur það svo sannanlega launað þann greiða sem því og öðrum tryggingafélögum var sýndur með nefndri lagabreytingu, með því að synja um bætur eins og áður er lýst. Lagabreytingin leiddi nefnilega til þess m.a. að nú þurfa tryggingafélög ekki að ómaka sig við að upplýsa hina váttryggðu, launafólk í þessu tilvikum, um nokkurn skapaðan hlut, svo sem um það lítilfjöllega atriði að til þess að eiga bótarétt (að þeirra mati) þurfi að tilkynna um slys innan 1 árs. Það á ekki að láta bjóða sér svona framkomu. Skora ég hér með á forystu launafólks að taka þetta mál upp hið fyrsta, ekki síðar en í næstu kjarasamningum. Ennfremur beini ég þeirri áskorun til löggjafans að gera nauðsynlegar lagabreytingar svo leiðréttu megi þetta óréttlæti, staðfesti dómstólar afstöðu tryggingafélagsins. Það getur ekki hafa verið tilgangur löggjafans að svipta grandlaust launafólk bótarétti í vinnuslysum með þessum hætti. Á meðan óbreytt ástand varir þá vek ég athygli félagsmanna Eflingar og annarra á því að tilkynna tafarlaust um vinnuslys til viðkomandi tryggingafélags, sama hversu lítilfjöllegt slysið kann að virðast í fyrstu. Eyðublöð má nálgast á skrifstofum eða heimasíðum tryggingafélaganna.

Á meðan óbreytt ástand varir þá vek ég athygli félagsmanna Eflingar og annarra á því að tilkynna tafarlaust um vinnuslys til viðkomandi tryggingafélags, sama hversu lítilfjöllegt slysið kann að virðast í fyrstu. Eyðublöð má nálgast á skrifstofum eða heimasíðum tryggingafélaganna.

Höfundur er lögmaður Eflingar-stéttarfélags

Skora ég hér með á forystu launafólks að taka þetta mál upp, ekki síðar en í næstu kjarasamningum

Landspítalinn grípur til uppsagna

Vekur ugg meðal starfsmanna

- segir formaður Eflingar



Skilaboðin eru alveg skýr, segir Sigurður. Það er ekkert heilagt í þessu efni, hvorki mikilvæg þríf á LSH eða önnur störf þar

Þessi ákvörðun Landspítalans vekur fyrst og fremst ugg meðal starfsmanna sjúkrahússins í ræstingu, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar um þá ákvörðun sjúkrahússins að segja upp öllum starfsmönnum í ræstingu sem starfa í Fossvogi þannig að uppsagnir taki gildi frá 1.maí nk. Það er ekki verið að leggja störfin niður heldur á að bjóða þau út á Evrópska efnahagssvæðinu með hagræðingu í huga. Skilaboðin eru alveg skýr, segir Sigurður. Það er ekkert heilagt í þessu efni, hvorki mikilvæg þríf á LSH eða önnur störf þar. Fram kom á fundi með starfsmönnum að þeir eru óánægðir með að ríkisstofnun skuli ganga á undan með uppsögnum nauðsynlegra starfa í því atvinnuástandi sem nú ríkir.

Forsvarsmenn Landspítalans á Tækni og eignasviði LSH þeir Björn Jónsson og


Valur Sveinbjörnsson héldu fund með starfsmönnum í ræstingu sem vinna á Borgarspítalanum þar sem tilkynnt var um að uppsagnir 30 starfsmanna sem eru félagsmenn Eflingar tækju gildi frá og með 1.maí 2009. Á fundinum var starfsmönnum tilkynnt um að hugsanlega kæmi til endurráðningar en það byggðist fyrst og fremst á ákvörðun þess fyrirtækis sem fengi verkið í framhaldi af útboði.

Ljóst er að Landspítalinn fer í þessar uppsagnir fyrst og fremst í hagræð-

Það er dapurlegt á þessum tímum að hefðbundið ríkisfyrirtæki skuli ríða á vaðið með þessum hætti

ingarskyni en spítalinn hefur ákveðið að setja þessi störf í útboð á Evrópska efnahagssvæðinu. Sigurður Bessason, formaður Eflingar segir það dapurlegt á þessum tímum að fyrirtæki sem er hefðbundið ríkisfyrirtæki skuli ríða á vaðið með þessum hætti. Það er ekki verið að leggja niður störfin af heldur skapa ótta meðal starfsmanna spítalans. Ekkert er heilagt í þessum málum, segir hann.

Flestir starfsmennirnir eru erlendir þar á meðal frá Póllandi, Portúgal, Spáni og fleiri löndum. Þá eru nokkrir Íslendingar í hópnum. Af hálfu LSH hefur það komið fram að spítalinn mun leitast við að þessi hópur fái forgang í þau störf sem losna annars staðar á LSH svo sem í bítibúri, auk þess sem mælt er til þess að nýja fyrirtækið bjóði þessum starfsmönnum áfram vinnu.



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar 2009

Tekið við umsóknum til 13. febrúar

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 13. febrúar n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsin liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík

og á heimasíðu félagsins www.efling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi eða í pósti.

Umsóknareyðublað fylgir þessu tölublaði.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlið stórt með potti	3	18.000 kr.	48
Úthlið lítið með potti	1	16.000 kr.	48
Efri Reykir lítið með potti	1	16.000 kr.	48
Flúðir - með potti	1	18.000 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	18.000 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	16.000 kr.	48
Svignaskarð - stærra m/potti	1	21.000 kr.	60
Svignaskarð - stór m/potti	6	18.000 kr.	60
Svignaskarð - lítil m/potti	5	16.000 kr.	48
Svignaskarð - SKARÐ	1	26.000 kr.	60
Hvammur Skorradal	1	26.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	18.000 kr.	60
Akureyri	6	18.000 kr.	48
Kaupmannahöfn	2	47.000 kr.	60

Úthlutun mun liggja fyrir 18. febrúar og greiðslufrestur er til 27. febrúar n.k. Frá og með 4. mars er hægt að athuga hvort eitthvað hafi fallið út. Húsin verða leigð í viku frá 8.-15. apríl n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á

iðgjaldasögu félagsmanna síðustu 12 ár. Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið efling@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um sem fyrsta valkost, annan valkost og allt að sex valmöguleika.

Ekki verður tekið á móti umsóknum um páskaúthlutun símleiðis

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

býður upp á fjölbreytt námskeið á sviði stjórnunar, nýsköpunar og þjónustu. Hlutverk okkar er að svara þörfum og óskum viðskiptavina um fræðslu og hafa frumkvæði að nýjum lausnum á sviði menntunar og nýsköpunar. Við störfum með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum um land allt.

Námsframboð á vorönn 2009

■ Brautargengi

Fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og reka fyrirtæki

■ Verkefnastjórnun – Lykill að árangri

Grundvallaratriði verkefnastjórnunar

■ Samningatækni fyrir konur

Markvissar aðferðir til að ná betri árangri í samningum

■ Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Námskeið um grundvallaratriði stofnunar og reksturs fyrirtækja

■ Verkstjórn - Stjórnunarnám

Starfsnám fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

■ Innkaup og vörustjórnun

Námskeið fyrir þá sem starfa við innkaup og stjórnun vöruflokka í smásölu

■ Umsjónarmenn fasteigna I og II

Starfsnám fyrir umsjónaraðila fasteigna

■ Þjónustugæði og símavarsla

Góð símavarsla – betri ímynd

■ Leiðbeinandinn - kynning og framsögn

Námskeið fyrir leiðbeinendur í atvinnulífinu og fyrir þá sem eru að halda kynningar, fræðslufundi og námskeið

Nánari upplýsingar eru á vef okkar **www.impra.is** og í **síma 522 9000**.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Akureyri | Höfn | Ísafirði | Reykjavík | Vestmannaeyjum



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 5 manns.



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 8 manns.



Svignaskarð stærri hús

Leigutími: Allt árið

1 hús með potti. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa. Eldhús m/uppbvottavél og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir 8 manns.



Skarð, Svignaskarði

Leigutími: Allt árið

Nýuppgert einbýlishús með glæsilegasta móti. Fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofa, sjónvarpskrókur, borðstofa og eldhús m/uppbvottavél. Stór verönd með heitum potti. Alls geta 10 gíst í rúmum og fjórir á dýnum auk þess sem barnarúm er á staðnum.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetrar með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gíst þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: Allt árið

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið

Fimm íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en í einu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.



Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Efri Reykir

Leigutími: Allt árið

Eitt hús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir sex í tveimur herbergjum og svefnsófa í stofu.

Eldhús, borðkrókur, stofa og bað með sturtu. Svefnaðstaða og sængur fyrir sex manns.



Úthlíð

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Úthlíð minna hús

Leigutími: Allt árið

Eitt hús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur herbergjum.

Eldhús, borðkrókur, stofa og bað með sturtu. Svefnaðstaða og sængur fyrir fimm manns.



Ölfusborgir

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: Leigt frá þjónustumiðstöð, s: 483 - 4260, opið mán., þri. og fim. 12:30 - 16.00 og fös. 14.00 - 20.30.

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.



Johan Semp's Gade 7

Kaupmannahöfn - Leiguíbúð

Leigutími: Allt árið

Heimilisföng:

Johan Semp's Gade 7, Christianshavn, 1. hæð til vinstri

Ravnsborggade 14, Nørrebro, 1. hæð til vinstri

Hans Hedtoftsgade 5, Islandsbrygge, 4. hæð til hægri

Íbúðirnar eru vel búnar, tvö rúmgóð svefnherbergi, svefnsófi í stofu.

Þær eru allar í fjölbýlishúsum, og eru lyftur í Johan Semp's Gade og Hans Hedtoftsgade.

Baðherbergi eru, með sturtu og salerni, þvottavél og þurrkari og uppþvottavél í eldhúsi.

Sængurföt á sex rúm eru innifalin í leiguverði og sjá gestir um að setja á rúm og ganga frá eftir leigu.

Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og íbúð vel umgengin og þríf.

Umsjónarmaður á vegum Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina eftir hverja dvalargesti.



Ravnsborggade 14



Hans Hedtoftsgade 5

Ekki verður tekið á móti umsóknum um páskaúthlutun símléiðis



We are all important!

- let's work together!

Sætúni 1 • 105 • Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501 • www.efling.is

EFLING
STÉTTARFÉLAG

Á vorönn í Menntaskólanum í Kópavogi

Sæmundur fróði og Efling í samstarfi



Efling og Sæmundur Fróði í Kópavogi halda áfram samstarfi sínu á nýja árinu. Þá verður boðið upp á fagnámskeið II og III, en þessi námskeið hafa verið vinsæl meðal þeirra sem starfa í eldhúsum og mótuneytum.

Fagnámskeið II er framhald af Fagnámskeiði I. Námið er metið til eininga og er hluti af námi í matvæla- og veitingagreinum, þar á meðal námi matartækna.

Áhersla er lögð á að auka faglega þekkingu á sviði matvæla- og veitingagreina og gefa fullorðnum tækifæri til fagmenntunar á sviðinu

Fagnámskeið III er metið til eininga og sem hluti af námi í matvæla- og veitingagreinum, þar á meðal námi matartækna.

Markmið með námi á fagnámskeiðunum er að auka færni starfsfólks til þess að sinna störfum í mótuneytum og eldhúsum. Áhersla er lögð á að auka faglega þekkingu á sviði matvæla- og veitingagreina og gefa fullorðnum tækifæri til fagmenntunar á sviðinu.

Nánari upplýsingar um innritun og tímasetningar er að finna í miðopnu blaðsins.

Greiðsluferfiðleikum mætt

Fáðu fræðslustyrkinn strax!



Nú um árámótin voru samþykkt rýmri skilyrði vegna greiðslu einstaklingsstyrkja sem komu til framkvæmda frá og með 1. janúar síðastliðinn. Helsta breytingin er að hægt er að sækja um styrk um leið og skóla- og námskeiðsgjöld hafa verið greidd. Alltaf þarf að leggja fram frumrit kvittunar ásamt umsókn.

Þetta er gert til að koma á móts við vaxandi greiðsluferfiðleika fólks á vinnumarkaði vegna samdráttar í efnahagslífinu. Nú geta umsækjendur lagt fram frumrit kvittunar fyrir greiðslu skóla- og námskeiðsgjalda um leið og slík greiðsla hefur farið fram en þarf ekki að bíða eftir að námi sé lokið.

Þessi breyting mun vonandi verða hvatning til félagsmanna Eflingar til að leita sér menntunar og þjálfunar í enn ríkari mæli en nú er.

Þetta er gert til að koma á móts við vaxandi greiðsluferfiðleika fólks á vinnumarkaði vegna samdráttar í efnahagslífinu



Eflum sjálfstraust - styrkjum sjálfsmyndina

- Eitt vinsælasta námskeiðið meðal Eflingarfélaga aftur af stað

Mörg dæmi eru um að félagsmenn sem hafa sótt þetta námskeið hafi séð á sér nýjar hliðar. Sjálfstyrkingarnámskeiðið hefur oft orðið hvati til þess að félagsmenn hafa sótt sér frekara nám og þekkingu.

Fjallað er um mismunandi framkomu og áhrif hennar á samskipti. Hvað eflir og hvað dregur úr sjálfstrausti og áhrif góðrar sjálfsmyndar á starfsandann? Hvernig geta starfsmenn skapað gott andrúmsloft og góða samvinnu? Farið

er í mikilvægi þess að fólk setji sér markmið. Fjallað er um áhrif streitu á sjálfsmynd, samskipti og líðan.

Til að öðlast góða og sterka sjálfsímynd er hverjum einstaklingi mikilvægt að skoða sjálfan sig út frá þeim aðstæðum sem hann býr við í samskiptum í daglegu lífi

Til að öðlast góða og sterka sjálfsmynd er hverjum einstaklingi mikilvægt að skoða sjálfan sig út frá þeim aðstæðum sem hann býr við í samskiptum í daglegu lífi. Með því að sækja sjálfstyrkingarnámskeið geta einstaklingar fengið leiðbeiningar, upplýsingar, umræður og skoðanaskipti um það hvernig einstaklingar geta byggt sig upp.

Nánari upplýsingar um tímasetningar, skráningu og fleira er að finna í miðopnu blaðsins



Karlarnir tilbúnir á námskeið

Jarðlagna- tæknin aldrei vinsælli!

Það kom öllum skemmtilega á óvart nú í haust hversu margir höfðu áhuga á að koma í jarðlagnatækninámið sem fór af stað nú um áramótin. Tveir hópar fóru af stað og er það sennilega í fyrsta sinn sem það gerist. Það er sérlega ánægjulegt að sjá hve vel þetta nám hefur verið sótt í gegnum tíðina. Það sýnir okkur betur en margt annað að karlarnir eru tilbúnir til að koma í nám ef rétta námið er í boði. Jarðlagnatækninámið hefur sýnt sig í að vera hagnýtt nám sem hefur nýst mörgum til að bæta starfskjör sín og gera þá hæfari til að sinna sínum stöfum.



Kærkomið tækifæri í ferðapjónustu

Spennandi nám!

Kostur á bæta stöðu sína og auka gildi sitt og verðmæti í starfi

Í boði er nú kennsla í ferðapjónustu fyrir félagsmenn Eflingar, 60 stunda nám fyrir þá sem vinna við greinar tengdar ferðapjónustu. Þar er um mjög fjölbreytta flóru að ræða og til að nefna dæmi um Eflingarfélag sem vinna við greinar tengdar ferðapjónustu má nefna

starfsfólk á bensínstöðvum, hópferðabílstjóra og þernur á hótélum. Það er því mjög fjölbreyttur hópur sem á erindi í ferðapjónustunámið.

Nánari upplýsingar um tímasetningar o.þ.h. er að finna í miðopnu blaðsins.



Framhaldsnámskeið um börn með sérþarfir

Mikil tímamót hjá leikskólaliðum

-segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar

Nú í janúar er að fara af stað nýtt nám fyrir leikskólaliða sem eru félagsmenn Eflingar. Þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á framhaldsnám fyrir leikskólaliða á Íslandi og er stór áfangi fyrir leikskólaliða, segir Atli Lýðsson sem fylgst hefur með þróun náms þessa hóps á undanförunum árum.

Um er að ræða 54 stunda nám þar sem sjónum er einkum beitt að þeim börnum leikskólanna sem eru með sérþarfir og þurfa þess vegna öðruvísi nálgun og þjónustu en almennt gerist. Mjög mikilvægt er að efla þann skilning og faglegu þekkingu sem þarf að vera til staðar í leikskólaumhverfinu til að öll þau börn sem eiga rétt á þjónustu þeirra fái notið

Samþykkt hefur verið að námið fari að fullu fram á dagvinnutíma

skólagöngu sinnar sem skyldi og fái þá örvun og umönnun sem nauðsynleg er. Námskeið sem þetta er mikilvægur þáttur í því að efla þessa þætti í starfi leikskólanna, segir hann

Til marks um það hversu mikla áherslu Leikskólasvið Reykjavíkurborgar leggur á að styrkja þessa þætti í skólastarfinu hefur verið samþykkt að námið fari að fullu fram á dagvinnutíma og á Leikskólasvið heiður skilinn fyrir að veita náminu brautargengi með þessum hætti.

Unnin hefur verið námsskrá þar sem uppsetning námsins miðast við að leikskólaliðar fái sem besta yfirsýn yfir fjölbreyttar þarfir barnanna sem þurfa sérstaka aðstoð, hvaða úrræði standa þeim til boða og hvernig best sé að vinna með börnunum.

Þetta verkefni hefur verið unnið í nánú samstarfi Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, faghóps leikskólaliða hjá Eflingu stéttarfélagi og Mímis símenntunar. Efling vill nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir mjög gott samstarf og sérstakar þakkir til Kristínar J. Sigurjónsdóttur sem hafði veg og vanda af námskrárskrifunum.

Ef þú ferð í nám

Hvað færðu endurgreitt?



Eflingarfélagar geta sótt um endurgreiðslu kostnaðar hjá fræðslusjóðum Eflingar á námi og námskeiðum sem þeir sækja. Reglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í að minnsta kosti 6 mánuði samfellt þegar sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega ef um hlutastörf er að ræða.

Styrkir til einstakra félagsmanna vegna starfsnáms geta numið allt að 60.000,- kr. á ári. Almennt er þó ekki greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið. Starfsnám getur til dæmis verið nám í öldungadeildum framhaldsskóla, tölvuskólum og tungumálaskólum. Tómsundanám er styrkt að hámarki 18.000,- eða 50% af verði námskeiða. Tómsundanám getur til dæmis verið matreiðsla, fluguþýtingar og postulínsmálun.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á skrifstofu Eflingar og á heimasíðunni www.efling.is, skila inn frumriti reiknings fyrir greiðslu á námskeiði. Styrkir eru greiddir út mánaðarlega.

Efling pays part of your education

What support do you get?

Members of Efling Union can apply for educational grants. The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a refund must have been members of the union for a 6 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves is up till 60.000,- kr. a year. The main rule is that the total amount paid by Efling covers maximum 75% of the cost of the course. In case of hobby courses the amount paid by Efling is 18.000,- kr. or maximum 50% of the cost.

In order to apply for a refund from the union applicants must fill out a special form, available at the union office and on the union website www.efling.is. Applicants must also present receipt(s) for payment for the course. Grants are paid every month.



Námskeið Eflingar vor 2009

	Byrjar	Endar
Stytttri námskeið		
Sjálfstyrking	3/ febrúar	10/ febrúar
Stattu með sjálfum þér	12/ febrúar	19/ febrúar
Starfslokanámskeið	27/ janúar	31/ janúar
Starfslokanámskeið	24/ mars	28/ mars
Fjármál fyrir heimilin	29/ janúar	29/ janúar
Almenn námskeið		
Grunnmenntaskóli 10	6/ janúar	maí/júní
Grunnmenntaskóli 11	14/ janúar	7/ apríl
Aftur í nám 20	13/ janúar	12/ mars
Aftur í nám 21	24/ febrúar	30/ apríl
Aftur í nám 22	7/ apríl	16/ júní
Starfsmenntanámskeið		
Félagsliðabré 5, 5.önn (félagsliði í nýju landi)	14/ janúar	29/ apríl
Félagsliðabré 7, 4.önn	12/ janúar	11/ maí
Félagsliðabré 8, 3.önn	7/ janúar	20/ maí
Félagsliðabré 9,2.önn	15/ janúar	7/ maí
Félagsliðabré 10 (félagsliði í nýju landi)	12/ janúar	25/ maí
Fagnámskeið I umönnun	5/ janúar	12/ febrúar
Fagnámskeið II umönnun hópur 1	16/ febrúar	14/ apríl
Fagnámskeið II umönnun hópur 2	17/ febrúar	15/ apríl
Fagnámskeið II umönnun hópur 3	16/ febrúar	14/ apríl
Fagnámskeið II umönnun hópur 4	17/ febrúar	15/ apríl
Fagnámskeið II umönnun hópur 5	24/ febrúar	5/ maí
Leikskólabré 8	7/ janúar	20/ maí
Leikskólabré 7	7/ janúar	6/ maí
Fagnámskeið leikskóla I	f.hl. maí	f.hl.maí
Fagnámskeið leikskóla II	s.hl. maí	s.hl.maí
Framhaldsnám leikskólaliða	14/ janúar	22/ apríl
Jarðlagnatækni, hópur A	12/ janúar	23/ janúar
Jarðlagnatækni, hópur B	12/ janúar	23/ janúar
Öryggisvarðanám 1. önn	13/ janúar	1/ apríl
Öryggisvarðanám 2. önn	6/ janúar	29/ apríl
Eldhús og mötuneyti fagnámskeið III	26/ janúar	2/ apríl
Eldhús og mötuneyti fagnámskeið II	3/ febrúar	31/ mars
Færni í ferðaþjónustu	24/ mars	28/ maí
Nám fyrir trúnaðarmenn		
Trúnaðarmannanámskeið I	9/ febrúar	13/ febrúar
Trúnaðarmannanámskeið II	9/ mars	13/ mars
Trúnaðarmannanámskeið III Smiðjan	26/ mars	28/ mars
Trúnaðarmannanámskeið I	4/ maí	8/ maí
Réttur til atvinnuleysisbóta	15/ janúar	15/ janúar
Fjármál fyrir trúnaðarmenn	22/ janúar	22/ janúar
Sálrænn stuðningur	5/ mars	5/ mars

	Hvenær	Klukkan	Hvar	Skráning
			Staðsetning	
	Þriðjud. og fimmtud.	19:00-22:00	Efling, Sætúni 1	Efling
	Þriðjud. og fimmtud.	19:00-22:00	Efling, Sætúni 1	Efling
	Þriðjud., fimmtud. og laugard.	19-22/10-15 laugard.	Efling, Sætúni 1	Efling
	Þriðjud., fimmtud. og laugard.	19-22/10-15 laugard.	Efling, Sætúni 1	Efling
	Fimmtudagur	19:00-22:00	Efling, Sætúni 1	Efling
	Þriðjud., fimmtud. og annan hvern laugard.	16:30-20:30	Öldugata 23	Mímir
	Alla virka daga	8:45-12:30	Ákveðið síðar	Mímir
	Þriðjud. og fimmtud.	17:00-20:00	Öldugata 23	Mímir
	Þriðjud. og fimmtud.	17:00-20:00	Öldugata 23	Mímir
	Þriðjud. og fimmtud.	17:00-20:00	Öldugata 23	Mímir
	Miðvikud., laugard. 28. feb. og helgina 18-19. apríl	13:15-17:00	Skeifan 8, st. 2	Efling
	Mánud., laugard. 21. feb og helgina 28-29. mars	16.30-20:15	Skeifan 11b, st. 28 og 25	Efling
	Miðvikud. og 2 laugardagar	16:30-20:15	Skeifan 11b, st. 28	Efling
	Fimmtud. og 2 laugardagar	16:30-20:51	Skeifan 11b, st. 28	Efling
	Mánud., og 2 laugardagar	16:20-20:00	Skeifan 11b, st. 26	Efling
	Mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13:20-16:15	Öldugata 23	Efling
	Mánud., þriðjud. og miðvikud.	13:20-16:15	Skeifan 11b	Efling
	Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13:20-16:15	Skeifan 11b	Efling
	Mánud., þriðjud. og miðvikud.	13:20-16:15	Öldugata 23	Efling
	Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13:20-16:15	Skeifan 11b	Efling
	Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	13:20-16:15	Skeifan 8, st 3	Efling
	Þriðjudagar	17:00-20:45	Skeifan 11b	Efling
	Miðvikudagar	17:00-20:45	Skeifan 11b	Efling
	Mánud., þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstud.	8:50-15:30	Skeifan 8	Efling
	Mánud., þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstud.	8:50-15:30	Skeifan 8	Efling
	Miðvikudagar	13:00 16:00	Öldugata 23	Efling
	Mánud., þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstud.	8:30-17:00	Skeifan 8	Mímir
	Mánud., þriðjud., miðvikud., fimmtud. og föstud.	8:30-17:00	Skeifan 8	Mímir
	Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	8:30-13:00	Skeifunni 8	Mímir
	Þriðjud., miðvikud. og fimmtud.	8:30-13:00	Skeifunni 8	Mímir
	Mánud. og miðvikud.	15.15-18.10	MK	Efling
	Þriðjud. og fimmtud.	15.15-18.10	MK	Efling
	Þriðjud. og fimmtud.	9:00-12:00	Ákveðið síðar	Mímir
	Mánudagur til föstudags	9:00-15:30	Efling, Sætúni 1	Efling
	Mánudagur til föstudags	9:00-15:30	Efling, Sætúni 1	Efling
	Fimmtudegi til laugardags		Ákveðið síðar	Efling
	Mánudagur til föstudags	9:00-15:30	Efling, Sætúni 1	Efling
	Fimmtudagur	9:00-12:00	Efling, Sætúni 1	Efling
	Fimmtudagur	9:00-12:00	Efling, Sætúni 1	Efling
	Fimmtudagur	9:00-12:00	Efling, Sætúni 1	Efling



Ertu atvinnulaus?

Mikilvægar upplýsingar um atvinnuleysisbætur

Bætur hækka nú 1.janúar

Réttinn til atvinnuleysistrygginga ávinna einstaklingar sér á vinnumarkaði og reiknast bótaréttur út frá tryggingaskyldri vinnu og byggist bótaréttur launamanna á starfstíma og starfshlutfalli á 12 mánaða tímabili áður en sótt er um. Á grundvelli upplýsinga um þessi atriði er tryggingahlutfall launmannsins reiknað út en það getur verið á bilinu 25% til 100%. Fullt starf í 12 mánuði

tryggir launamanni 100% tryggingahlutfall en skemmri starfstími og/eða lægra starfshlutfall leiðir til lægra tryggingahlutfalls. Jafnframt getur ávinnsla bótaréttar einnig komið til með öðrum hætti en með launavinnu, þ.e. vegna náms, fæðingarorlofs.

- Nauðsynlegt er að fara strax í upphafi atvinnuleysis og skrá sig hjá þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar
- Atvinnuleysisbætur greiðast frá 1. skráningardegi
- Mánaðarlega þarf að mæta í viðtöl hjá þjónustuskrifstofu og öll boðuð viðtöl og taka þátt í þeim vinnumarkaðs-

aðgerðum sem boðið er upp á

Umsækjandi þarf að:

- Fylla út umsókn um atvinnu, vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysisbætur
- Útvega vottorð atvinnurekenda um staðfestingu vinnustunda
- Útvega önnur gögn ef við á s.s. námsvottorð, upplýsingar um tekjur í hlutastarfi, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, læknisvottorð ef um skerta vinnufærni er að ræða
- Skattkort

Staðfesta þarf atvinnuleit 20.-25. hvers mánaðar til að tryggja greiðslur um mánaðamót.

Hægt er að staðfesta atvinnuleit á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysistryggingasjodur hringja eða koma á þjónustuskrifstofu. Jafnframt þurfa þeir sem hafa haft tilfallandi vinnu, eru í hlutastörfum, að gera grein fyrir öllum þeim tekjum sem þeir hafa á sama tíma og þeir fá greiddar

Nauðsynlegt er að fara strax í upphafi atvinnuleysis og skrá sig hjá þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar

atvinnuleysisbætur þ.m.t. elli/örorkulífeyrisgreiðslur, greiðslur úr séreignasjóðum og fengnar fjármagnstekjur.

Atvinnuleysisbætur hækka um 13.500 kr.

Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 13.500 kr. frá 1. janúar sl og verða þá 149.523,- kr. á mánuði miðað við fullt starf. Tekjutengdar bætur hækka í 242.636. – kr. á mánuði.

Einnig eru greiddar bætur með hverju barni á framfærsluskuldum aldri. Ef umsækjandi á rétt á tekjutengingu þá fær hann greiddar grunnatvinnuleysisbætur fyrstu 10 dagana og tekjutengdar atvinnuleysisbætur næstu 13 vikur. Eftir það fer hann aftur á grunnatvinnuleysisbætur.

Hámarks tekjutenging er kr. 242.636,- á mánuði. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru 70% af meðaltali heildarlauna á 6 mánaða tímabili sem hefst 2 mánuðum áður en sótt er um atvinnuleysisbætur.

Gjaldþrot eða lokun fyrirtækis

Þeir sem verða fyrir því að fyrirtækið lokar og skuldar þeim laun eiga aðeins rétt á atvinnuleysisbótum fyrir það tímabil launa sem er í skuld, ef fyrirtækið er lýst gjaldþrota. Sé fyrirtækið ekki lýst gjaldþrota í fyrstu er samt nauðsynlegt að fara strax og skrá sig hjá næstu þjónustuskrifstofu Vinnu-málastofnunar til þess að skapa sér og viðhalda bótarétt. Ef fyrirtækið er lýst gjaldþrota þarf umsækjandi að leggja fram með öðrum gögnum kröfufýsingu í þrotabúið stimplað af skiptastjóra og á hann þá rétt á atvinnuleysisbótum fyrir það tímabil sem fyrirtækið skuldar honum laun, að öðru leyti gildir ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar.

Við lokauppgjör hjá Ábyrgðarsjóði launa eru atvinnuleysisbætur sem greiddar eru á þessu tímabili frádregnar. Ef fyrirtækið er ekki lýst gjaldþrota verður að reyna aðra innheimtu og er þá mikilvægt að einstaklingur hafi leitað til síns stéttarfélags með þær launaskuldir sem fyrirtækið skuldar honum og ef það innheimtist ekki þá er möguleiki á því að viðkomandi eigi rétt til bótagreiðslna fyrir það tímabil ef hann hefur skráð sig strax í upphafi atvinnuleysis.



Fyrirtæki og launamenn nýta sér nýja löggjöf

Hlutastarf á móti skertu starfshlutfalli

Mörg fyrirtæki eiga nú í tímabundnum erfiðleikum og kunna að rétta úr kútnum eftir einhverja mánuði eða misseri. lausn milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um að gefa fyrirtækjum og launafólki kost á hlutastarfi á móti skertu starfshlutfalli. Samkvæmt nýsamþykktum lögum mun Atvinnuleysisstryggingasjóður brúa bilið milli hlutastarfs og 100% starfs. Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli kemur til ef skerðingin kemur til að frumkvæði atvinnurekanda vegna samdráttar í starfseminni. Sama gildir ef starfsmaður hefur misst starf sitt að öllu leyti og ræður sig í minna

starfshlutfall en hann var áður í hjá nýjum atvinnurekanda enda eigi hann ekki kost á öðru. Sama gildir einnig ef viðkomandi hefur verið í tveimur hlutastörfum og missir annað þeirra, alveg eða að hluta. Miðað er þó við að starfsmaður sé í samtals a.m.k. 50% starfi á vinnumarkaði.

Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli á hins vegar ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu.

Með breytingu á atvinnuleysisstryggingalögum gildir lagabreytingin um hlutastörf til bráðabirgða til 1. maí 2009.

Dæmi

Launamaður hefur 250.000,- kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en þarf að minnka við sig starfshlutfall um 25% vegna samdráttar. Hann sækir um 25% atvinnuleysisbætur en hefði talist að fullu tryggður samkvæmt lögum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann átt rétt á 175.000,- kr. í tekjutengdar atvinnuleysisbætur og þar

sem hann sækir um 25% bætur á hann rétt á 43.750,- kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 75% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 187.500,- kr. koma því ekki til með að hafa áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu þá tekjur hans og atvinnuleysisbætur nema 231.250 kr. (187.500 + 43.750) á mánuði í allt að 12 mánuði.

Trúnaðarmenn Eflingar

Mörg ný námskeið



Trúnaðarmenn Eflingar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í starfi Eflingar. Það reynir oft á trúnaðarmenn í starfi og þess vegna hefur félagið ávallt kappkostað að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu. Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Trúnaðarmannanámskeið I

Á þessu námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

Trúnaðarmannanámskeið II

Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf verkalýðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

Trúnaðarmannanámskeið III

Þetta námskeið er ætlað þeim sem hafa lokið námskeiðum I og II og hafa verið í trúnaðarmannastarfinu í nokkurn tíma. Hér er farið í framkomu, það að koma fyrir sig orði, úrlausn erfiðra mála og fleira sem tengist starfi þeirra sem eru í forystusveit Eflingar

Það reynir oft á trúnaðarmenn í starfi og þess vegna hefur félagið ávallt kappkostað að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu

Þrjú styttri námsskeið verða í boði nú í vor og eru trúnaðarmenn hvattir sérstaklega til að kynna sér þau og skrá sig ef þeir mögulega geta því öll þessi námskeið eru mjög hagnýt og nýtast beint inn í starf trúnaðarmannsins.

Réttur til atvinnuleysisbóta

Á námskeiðinu verður leitast við að gefa yfirsýn yfir þann hugmyndagrunn sem lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir byggja á og framkvæmd laganna. Leitað verður svara við spurningunum:

Hver er hugmyndagrundvöllur laganna um atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsaðgerðir? Hvernig á að skrá sig atvinnulausan og hvenær? Hverjir eiga rétt á atvinnuleysisbótum? Hvernig eru atvinnuleysisbætur reiknaðar út? Hvernig reiknast hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli? Hvað þýðir virk atvinnuleit? Hver er lengd bótatímabils? Hvað reglur gilda um nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta? Hvaða reglur gilda

um atvinnuleysisbætur og atvinnuleit erlendis? Hverjir lenda á biðtíma eftir atvinnuleysisbótum?

Fjármálalæsi – fjármál heimilanna

Að hafa gott skipulag á fjármálum heimilisins og góða yfirsýn yfir stöðu sína eru lykilatriði til þess að geta haft stjórn á eigin fjárhag. Á námskeiðinu verður farið yfir úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjármál sín og hvaða leiðir eru færar ef greiðsluerfiðleikar blasa við. Þá verður farið yfir ýmsar tegundir lána, kosti þeirra og galla s.s. verðtryggð lán, óverðtryggð lán og gengisbundin lán.

Sálrænn stuðningur

Á námskeiðinu verður farið í hvaða gildi sálrænn stuðningur hefur í kjölfar áfalla og í sársaukafullum aðstæðum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geri sér grein fyrir hvað eru algeng viðbrögð við áföllum; að þeir geti miðlað þeirri þekkingu og veitt fólki stuðning ef með þar; að þeir átti sig á gildi sjálfshjálpar og geti notað og miðlað með sér aðferðum sem hjálpa í erfiðum aðstæðum.

Nánari upplýsingar eru í miðopnu blaðsins og síðan er auðvitað alltaf hægt að hringja á skrifstofuna í síma 510-7500 og fá nánari upplýsingar.



Efling býður

Nám fyrir alla í vinnu og í atvinnuleit

Vakin er sérstök athygli á því að þau fjölbreyttu námstilboð sem Efling býður félagsmönnum sínum standa að sjálf-sögðu öllum opin og eru félagsmenn sem eru án atvinnu hvattir sérstaklega til að kynna sér það öfluga fræðslustarf sem í boði er hjá Eflingu og samstarfaðilum. Í blaðinu núna eru fjölmörg námskeið og starfsmenntatilboð sem henta vel þeim sem eru án vinnu og vilja nýta tímann til uppbyggingar og

styrkja sig persónulega og stöðu sína á vinnumarkaði.

Einnig er mikilvægt að þeir sem eru án atvinnu kynni sér vel það sem stendur til boða hjá samstarfsaðilum Eflingar. Þar ber fyrst að nefna Mími símenntun www.mimir.is og vinnumálastofnun http://www.vinnumalastofnun.is/files/Námskeið2008-2009_2141186247.pdf. Á þessum heimasíðum er að finna fjölmargt spennandi sem félagsmenn Efl-

ingar geta nýtt sér.

Að auki er rétt að benda á alla þá fjölmörgu aðila sem bjóða upp á ótrúlega fjölbreytt nám og má þar nefna Menntaskólann í Kópavogi, Endurmenntun HÍ, opna háskólann hjá HR og marga fleiri. Félagsmenn eru aldrei of oft minntir á réttindi sín í fræðslusjóðum félagsins og er hægt að kynna sér reglur um styrki og fleira þeim tengt á heimasíðu Eflingar www.efling.is og í blaðinu.

Mörgum kann að finnast þetta yfirgripsmikið og flókið á fá yfirsýn yfir allt það sem í boði er. Þá er mjög góð lausn að panta viðtal hjá námsráðgjafa hjá Mími símenntun og fá hjá þeim óháða ráðgjöf og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita og hvað er í boði varðandi það sem áhugi er fyrir að læra. Viðtal hjá námsráðgjafa hjá Mími símenntun er félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu.

Þá er mjög góð lausn að panta viðtal hjá námsráðgjafa hjá Mími símenntun og fá hjá þeim óháða ráðgjöf og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita og hvað er í boði varðandi það sem áhugi er fyrir að læra



FJARNÁM ALLT ÁRIÐ!

Þrjár annir: vor, sumar, haust.

Er þetta eitthvað fyrir þig?

Um 120 framhaldsskólaáfangar í boði.

Nánari upplýsingar á slóðinni: www.fa.is/fjarnam

Stattu með sjálfum þér

Nýtt og mjög spennandi námskeið

- segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri



Þetta er alveg ný nálgun hjá okkur á námskeiði af þessu tagi. Við erum að reyna að koma góðri ráðgjöf til þeirra sem fást við erfið viðfangsefni í samtölum við fólk án þess að starfsmenn geri vandamálin að sínum og losni ekki við þau sem er algengt í samskiptum, segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar. Við höfum fengið til liðs við okkur aðila sem hefur sérhæft sig í þessu efni og ég held að þetta verði spennandi námskeið, segir hann.

Farið er í þætti eins og sjálfsefningu, meðvirkni og markmiðssetningu. Unnið er með sjálfstraust og sjálfsmynd. Fjallað er um erfiðleika í samstarfi við vinnufélaga

Einnig verður fjallað um erfið samskipti og hversu auðvelt það er að taka inn á sig erfiðleika annarra og róa með í sjúklegum aðstæðum ef eigin sjálfsmynd er ekki í lagi. Slíkt umhverfi hvort sem er í persónulegum aðstæðum eða á vinnustað skerðir lífsgæði einstaklinga verulega. Fjallað er um breytingar á viðhorfum, sjálfsefningu og streitulosun.

Fjármálin á óvissutímum

Nýtt námskeið í fjármálum einstaklinga

Það hefur orðið deginum ljósara í fjármálakreppu undanfarinna vikna hve mikilvægt er fyrir launafólk að geta leitað til óháðra aðila og sótt þangað fjármálaráðgjöf til að geta haft góða stjórn á fjárhag heimilanna við erfiðar aðstæður. Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ verður á næstunni með námskeið um fjármál heimila og einstaklinga fyrir félagsmenn Eflingar.

Að hafa gott skipulag á fjármálum heimilisins og góða yfirsýn yfir stöðu sína eru lykilatriði til þess að geta haft stjórn á eigin fjárhag. Á námskeiðinu er farið yfir ýmislegt sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjármál sín og hvaða leiðir eru færar ef greiðsluerfiðleikar blasa við. Þá verður farið yfir ýmsar tegundir lána, kosti þeirra og galla s.s. verðtryggt lán, óverðtryggt lán og gengisbundin lán.

Nánari upplýsingar eru í miðopnu blaðsins.



Starfslokanámskeiðið

Margt sem við höfðum ekki hugmynd um

- segir Gunnhildur Höskuldsdóttir



Gunnhildur Höskuldsdóttir og Erling Birgir Ottóson við hús Eflingar Sætúni 1

Ég frétti af þessu starfslokanámskeiði hjá trúnaðarmanni Eflingar á mínum vinnustað og fékk manninn minn til að koma með mér. Það er alltaf eitt-hvað sem maður lærir á svona námskeiðum, segir Gunnhildur Höskuldsdóttir og tekur fram að margt hafi komið fram á námskeiðinu sem þau höfðu ekki hugmynd um.

Gunnhildur tók þátt í starfslokanámskeiði í Fræðslusetri Eflingar með mannum sínum, Erling Birki Ottóssyni og var mjög ánægð með námskeiðið sem var fjölsótt af félagsmönnum sem vildu fræðast um hvað tekur við þegar starfsævinni lýkur. Gunnhildur vann í sautján ár hjá Listasumi í Kringlunni og hún var að hætta þar um svipað leyti og hún fór á námskeiðið. Hún hefur unnið við að breyta fötum og skipta um rennilása og gera við föt sem hafa orðið fyrir hnjaski.

Við getum nú tekist miklu betur á við lífið við starfslokin

Gunnhildur frétti af námskeiðinu hjá trúnaðarmanni Eflingar á vinnustað sínum og hún ákvað strax að kynna sér efnið og fékk manninn sinn til þess að koma líka því að það er alltaf eitt-hvað sem maður lærir á námskeiðum, segir hún. Erlingur segir að það sé rétt en nokkur ár séu í starfslok hjá sér og hann hafi komið með Gunnhildi henni til halds og trausts eins og góðum eiginmanni sæmir.

Þau eru sammála um að námskeiðið hafi verið mjög fróðlegt og leiðbeinendurnir sem sáu um kennsluna hafi verið skemmtilegir og kunni vel til verka. Gunnhildur segir að áttatíu og fimm ára gömul kona hafi kennt þeim ýmsar

æfingar. Hún kenndi okkur hvernig við eigum að halda okkur í líkamlegu formi með því að hreyfa okkur meira og gera teygjur og ýmislegt fleira heilsusamlegt.

Það var margt sem kom fram á þessu námskeiði sem við höfðum ekki hugmynd um, segir Gunnhildur. Við fengum líka ýmis gögn til þess að taka með okkur heim og þar er hægt að fletta uppá gagnlegum upplýsingum um tryggingarmál, lífeyrismál og heilbrigðismál.

Gunnhildur segist ekki hafa vitað að hún héldi réttindum í orlofssjóði, sjúkrasjóði og fræðslusjóði í tvö á eftir að hún hættir að vinna. Þess vegna hafi hún orðið mjög glöð að heyra hversu vel Efling stendur við bakið á félagsmönnum sínum þegar þeir láta af störfum. Eftir að hafa tekið þátt í þessu námskeiði þá getum við nú tekist miklu betur á við lífið við starfslokin, sagði Gunnhildur að lokum.

Efning styrkir

Þjóð gegn þunglyndi



Matthías Halldórsson mætti á sameiningarfund Eflingar og Boðans og tók þar ásamt verkefnastjóranum Salvöru Bjarnadóttur á móti framlagi Eflingar sem nýttast mun í baráttunni gegn þunglyndi

Við vitum að þessu fé er vel varið til verkefnisins „þjóðar gegn þunglyndi“ sagði Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar þegar hún afhenti Matthías Halldórssyni, landlækni einnar milljón króna framlag félagsins á jólafundinum trúnaðarráðs Eflingar. Matthías sagði að þunglyndið væri erfitt viðfangs og oft fylgifiskur alvarlegra sjúkdóma.

Sigurrós sagði að meginmarkmið verkefnisins væri að draga úr þjáningum vegna þunglyndis og draga úr öðrum beinum og óbeinum afleiðingum sjúkdómsins svo sem ótímabærum dauðsföllum. Með upplýsinga- og kynningarstarfi á næstu árum verður sjónum beint að þunglyndi, sem er stærsti áhættuþáttur gagnvart alvarlegum andlegum sjúkdómum. Stjórn Sjúkrasjóðs og stjórnar Eflingar hefur skoðað verkefnið og telur að með því sé stórt skref stigið til að efla vitund almennings og þeirra aðila sem fást við andlega sjúkdóma. Mikið mæðir á sjúkrasjóðnum Eflingar vegna veikinda af þessu tagi og er mikilvægt að styðja

Matthías Halldórsson sagði að þunglyndið væri erfitt viðfangs og oft fylgifiskur alvarlegra sjúkdóma og gæti endað illa

allt starf að upplýsingum og kynningu um þetta efni svo ná megi betri árangri við þetta mikilvæga viðfangsefni í heilbrigðismálum.

Matthías Halldórsson sagði að þunglyndið væri erfitt viðfangs og oft fylgifiskur alvarlegra sjúkdóma og gæti endað illa, jafnvel með sjálfsvígum. Verkefnið hefði byrjað fyrir mörgum árum og nú beindist það að börnum sem ættu þunglynda foreldra. Ástandið eins og það er núna í þjóðfélaginu býður upp á meiri hættu af völdum þunglyndis. Mikilvægt væri að gera sér grein fyrir tengslanna á milli atvinnuleysis og heilsuleysis. Fólk yrði að geta átt innihaldsríkt líf í atvinnuleysinu. Öflugt félagslíf væri einmitt til þess fallið að draga úr tjón-

inu, sem óhjákvæmilega yrði í alvarlegri kreppu sem nú ríður yfir okkur.

Notkun á geðlyfjum ekki aukist

Hann sagði að við gætum huggað okkur við að fáir hafa enn sem komið er sótt bráðamóttöku vegna andlegra erfiðleika og sjálfsvígum hefur ekki fjölgað þó að sögur séu um slíkt og notkun á geðlyfjum hefur ekki aukist. Við sjáum hins vegar að margir eru að spara. Atvinnulausir leita mikið til heilbrigðisþjónustunnar og þess vegna er gjöf eins og þessi frá Eflingu mikilvæg til að takast á við viðfangsefnið. Hann sagði að sér væri kunnugt um fólk sem ekki leysti út lyf sín og láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fylgdi örugglega skilyrði sem þýða að það mun kreppa að í heilbrigðiskerfinu.

*Um verkefnið „þjóð gegn þunglyndi“
Þjóð gegn þunglyndi væri samstarfsverkefni á vegum Landlæknisembættisins sem unnið væri í ndinni samvinnu við heilsugæslustöðvar, félagsþjónustu sveitarfélaganna, skóla, kirkjuna og lögreglu. Verkefnið hefur notið stuðnings heilbrigðisráðuneytisins.*

Versti dagurinn í vinnunni í 15 ár

- segir Tryggvi Marteinnsson í viðtali við LO Aktuelt



Ísland hefur víða komið við sögu í fjölmiðlum um allan heim síðustu vikurnar. Landið hafa heimsótt fjöldi blaða- og fréttamanna til að fjalla um bankahrundið og afleiðingar þess. Blaðamaður LO Aktuelt, systursamtaka ASÍ í Noregi, var hér á ferðinni í lok október og tók m.a. viðtal við Tryggvar Marteinnsson, starfsmann Eflingar sem upplýsti að dagurinn væri sá versti í vinnunni í 15 ár en þennan dag misstu mörg hundruð starfsmenn í byggingavinnu störf sín. Hér á síðunni má sjá forsiðu LO Aktuelt en viðtalið við Íslendinga og umfjöllun blaðsins má lesa á vefnum á netfanginu www.lo-aktuelt.no

Notaðu tímann og lærðu á áhrifaríkan hátt

Lærið þar sem þekking og reynsla er í fyrirrúmi. Yfir 40 ár í fagmennsku.

B-réttindi:

- Námskeið alla virka daga kl. 18–22
- Dagnámskeið kl. 16–18
- Helgarnámskeið
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Námskeið til B-réttinda fyrir þá sem þurfa að læra á sínum hraða í samvinnu við Fjölmenn

Önnur námskeið:

- Aukin ökuréttindi (meirapróf)
- Vistakstur
- Bifhjólánámskeið
- Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Vegagerðina
- Flutningur hættulegra efna ADR



www.bilprof.is

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10–17 alla daga.



Fulltrúar Eflingar og Mímis ásamt fjölmönnum hópi nemenda sem var útskrifaður þann 27. nóvember sl. af fagnámskeiði 1 fyrir starfsfólk á heilbrigðis- og þjónustuviði

Eflingarfélagar duglegir í námi

Margir útskrifast hjá Mími

Á annað hundrað félagsmenn í Eflingu voru útskrifaðir af sex námskeiðum hjá Mímir-símenntun í lok nóvember og byrjun desember sl. Flestir nemendur stunduðu fagnám fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þá luku þrettán nemendur námi á *Leikskólabró* og námskeiðinu *Aftur í nám*. Fjöldi manns sótti útskriftirnar og glöddust með nemendum þegar þeir tóku við viðurkenningarskjölum og þáðu veitingar eftir að útskriftunum lauk. Efling óskar félagsmönnum sínum til hamingju með þann gríðarlega áhuga sem þeir sýna námi og hverjum og einum fylgja hamingjuóskir með þann áfanga sem náðst hefur.



Útskriftarhópur félagsliða af námskeiði um heilabilun



Útskrift af fagnámskeiði 1 þann 11. desember

Efling óskar félagsmönnum sínum til hamingju með þann gríðarlega áhuga sem þeir sýna námi og hverjum og einum fylgja hamingjuóskir með áfanga



Faghópur 1 sem útskrifaðist þann 11. desember



Útskrift af félagsliðabré 6



Leikskólaliðar sem luku námi á leikskólabré á samt Ingibjörgu Stefánsdóttur frá Mími



Útskriftarnemar af námskeiðinu Aftur í nám ásamt fulltrúa frá Mími



Hvaða rétt átt þú úr Sjúkrasjóði Eflingar?

Tekjutengdir dagpeningar í allt að 180 daga sértu launalaus vegna veikinda eða slyss.

Dagpeningar vegna alvarlegra veikinda barns í allt að 180 daga sértu launalaus vegna veikinda barnsins.

Dagpeningar vegna alvarlegra veikinda maka í allt að 90 daga sértu launalaus vegna veikinda makans.

Dagpeningar vegna áfengis- eða vímuefna meðferðar í allt að 42 daga sértu launalaus á meðan á meðferð-

inni stendur.

Lágmarks skilyrði dagpeningagreiðslna er a.m.k. 3 mánaða samfelld aðild að sjúkrasjóði áður en sjóðfélagi verður launlaus.

Styrkir vegna krabbameinsskoðunar, heilsueflingar (líkamsrækt og fleira), endurhæfingar, gleraugnakaupa, viðtalsmeðferða, glasa/tæknifrjóvgunar, ættleiðingar, heyrnartækjakaupa, Laser/Lasik augnaðgerða, greiningar á lesblindu, göngugreiningar og dánarbætur.

Hver styrkttegund er sjálfstæð þannig á sá sem hefur t.d. fullnýtt rétt sinn til heilsueflingarstyrks á rétt á öllum öðrum styrkttegundunum á sömu 12 mánuðunum.

Lágmarks skilyrði styrkveitinga er a.m.k. 6 mánaða samfelld aðild að sjúkrasjóði áður en til styrkveitingar kemur.

Sjá nánari upplýsingar um dagpeninga og styrki Sjúkrasjóðs á heimasíðu Eflingar. „Efling.is“ eða á skrifstofu félagsins í síma 510-7500.

ÞÚ TRYGGIR EKKI EFTIR Á

ERTU AÐ TAPA RÉTTINDUM?

Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu

Allar líkur eru á því að margt launafólk geti staðið frammi fyrir uppsögnum á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að minna á að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkrabjálfunar og menntunar félagsmanna.

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur eða greiðslur í fæðingarorlofi hjá fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði eða hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum.

Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum tapast því mikilvæg réttindi.

Dagbók Eflingar 2009 til félagsmanna

Dagbók Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2009 er komin út og er um þessar mundir á leið til félagsmanna. Í bókinni er nú að finna öll helstu málefni sem snerta félagsmenn Eflingar. Dagbókin liggur frammi í afgreiðslu félagsins og er jöfn eftirspurn eftir henni allt árið. Að þessu sinni hefur broti hennar verið lítillega breytt og almanaki gefið aukið rými sem eykur notagildi bókarrinnar.

Í dagbókinni er fjallað er um öll helstu mál sem snerta félagsmenn, réttindi og skyldur launafólks þannig að reynt er að miða við að bókin geti nýst launafólki á vinnustöðum til að gefa fyrstu upplýsingar. Hér er því að finna helstu upplýsingar um Eflingu, sjóði félagsins og annað gagnlegt.


Farið er yfir helstu áfanga í kjarabaráttu

áttu síðustu aldar, fjallað um kosti þess að vera félagsmaður í Eflingu og minnt á helstu atriði sem snerta kjör félagsmanna og kjarasamninga.

Gagnlegar upplýsingar eru um fræðslumál félagsins, sjóði þess og möguleika félagsmanna til að efla menntun sína og þekkingu.

Greinargóðar upplýsingar eru um réttindi í orlofs- og sjúkrasjóði og helstu atriði varðandi réttindi atvinnulauss fólks. Þessi kafli dagbókarinnar er verulega aukinn vegna atvinnuástandsins sem búast má við að verði ríkjandi hér á landi árið 2009.

Mikilvægt er að félagsmenn hafi samband við skrifstofu Eflingar ef þeir fá ekki heimsenda dagbók. Þá verður bætt úr því eins fljótt og kostur er.



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkráliðagreinar - Tréiðnir
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

www.fb.is




20% aukning einstaklingsstyrkja 2008

Ánægjulegar fréttir

- segir Sveinn Aðalsteinsson

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Starfsafls jókst fjöldi einstaklingsstyrkja til félagsmanna Flóabandalagsins um 20% á árinu 2008 miðað við árið í fyrra. Alls voru greiddir út 1.471 styrkur að heildarupphæð alls um 38,2 m.kr. Upphæðin jókst um 20,5% frá fyrra ári. Þetta eru ánægjulegar fréttir sem sýna að Starfsafl færir nær markmiðum sínum um að auka menntunarstig félagsmanna Flóabandalagsins á almenna vinnumarkaðnum og þar með í atvinnulífinu, segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls í samtali við Eflingarblaðið.



Sveinn nefndir athyglisverðar tölur um hvernig fjöldi einstaklingsstyrkja hefur vaxið á árinu. Aukningin var um 15% í fjölda styrkja hjá félagsmönnum

Eflingar, um 25% hjá Verkalyðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og um heil 46% hjá félagsmönnum Hlífar í Hafnarfirði. Eins og búast mátti við, vegna stærðarmunar stéttarfélaganna í Flóabandalaginu, eru flestir styrkir hjá félagsmönnum Eflingar eða um 70%, næst flestir hjá VSKF eða um 20% og um 10% hjá Hlíf, af heildarfjölda styrkja. Hlutfallið er svipað þegar kemur að kostnaði.

Þessar tölur eru birtar með fyrirvara eða þar til lokauppgjör liggur fyrir.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Mikilvægt er að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Sameining

& Eflingar - stéttarfélags

Verkalýðs- og

sjómannafélagsins Boðans

Frá og með 1. janúar árið 2009 sameinast Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn Eflingu-stéttarfélagi. Sameinað félag ber nafnið Efling-stéttarfélag.

Frá þessum tíma fer starfsemi félagsins fram á tveimur skrifstofum.

Með sameiningu Boðans og Eflingar verða sjómenn í fyrsta sinn félagsmenn í Eflingu og er þessi nýi hópur boðinn velkominn í félagið.

Á skrifstofu félagsins í Reykjavík verður almenn afgreiðsla, símaþjónusta, lögræðiaðstoð, aðstoð við túlkun samninga og almenn þjónusta við félagsmenn í kjara- og samningamálum. Af-

greiðsla sjóða félagsins, sjúkrasjóðs, fræðslusjóðs og orlofssjóðs fer fram á skrifstofunni. Einnig er staðsett á sama stað afgreiðsla Starfsafls, starfsmenntaskrifstofa stéttarfélaganna Eflingar, Hlífar í Hafnarfirði og VSK.

Önnur skrifstofa verður áfram í húsnæði félagsins í Hveragerði. Skrifstofa Eflingar í Hveragerði veitir alla þjónustu vegna samningssviðs Eflingar-stéttarfélags á Suðurlandi.

Afgreiðslutími á skrifstofum félagsins er kl. 08.15-16.00 alla virka daga.

Efling-stéttarfélag tekur við öllum réttindum og skyldum í sam-eiginlegu félagi frá 1. janúar 2009.

Skrifstofa í Reykjavík

Sætún 1
105 Reykjavík
Sími: 510 75 00
Fax: 510 75 01
Netfang: efling@efling.is

Skrifstofa á Suðurlandi

Austurmörk 2
810 Hveragerði
Sími: 483 45 25
Fax: 483 40 25
Netfang: bodinn@efling.is

Kennitala: 701298-2259



- stendur með þér



Úrræði fyrir launafólk

Gagnlegar upplýsingar?

Miklir erfiðleikar stöðja nú að launafólk í því efnahagslega hafróti sem gefur yfir landið. Margir eru að takast á við yfirvofandi atvinnuleysi eða orðnir atvinnulausir. Enn aðrir eru að glíma við erfið lánamál í fallandi kaupmætti og minnandi vinnu. Alþýðusambandið og stéttarfélagin innan sambandsins hafa tekið saman mjög gagnlegar upplýsingar um helstu úrræði fyrir launafólk í efnahagskreppunni. Einnig má leita til þjónustufulltrúa á skrifstofu Eflingar til að leita nánari ráðgjafar auk þess vísað er hér til heimasíðu Eflingar og ASÍ um réttindamál launafólks við

þessar aðstæður.

Greiðsluerfiðleikaúrræði

Fjölmargar fjölskyldur standa nú frammi fyrir erfiðleikum við að greiða af lánum sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis eða annarra nota fyrir heimilið. Á vef ASÍ og Eflingar er gerð grein fyrir úrræðum lántakenda hjá Íbúðalánasjóði, hjá lífeyrissjóðunum auk þess sem sérstök grein er gerð fyrir nýju úrræði til þess að lækka greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlana.

Fjármál heimilanna í efnahagsþrengingum

Á vefjum ASÍ og Eflingar eru tekin saman úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína og fjallað leiðir sem færar eru ef greiðsluerfiðleikar blasa við.

Námskeiðahald í efnahagsþrengingum

Hér í blaðinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum er varða fræðslu til trúnaðarmanna og félagsmanna og eru aðildarfélag ASÍ nú að upplýsa og aðstoða félagsmenn, sem lenda í efnahagsþrengingum og atvinnumissi.

Rekstrarerfiðleikar og réttarstaða launafólks

Erfiðleikar á fjármálamarkaði og ágeng umræða um rekstrarerfiðleika og gjaldþrot fyrirtækja hefur leitt til þess að fleiri óttast nú um stöðu sína en oft áður. Af þessum sökum hefur ASÍ tekið saman upplýsingabækling um þetta efni.

Information for foreigners – useful websites

You will find useful information on the websites of ASÍ and Efling

Nánar á vefjum Eflingar og ASÍ

www.asi.is
www.efling.is

Á vef ASÍ og Eflingar er gerð grein fyrir úrræðum lántakenda hjá Íbúðalánasjóði, hjá lífeyrissjóðunum



Forsvarsmenn Eflingar og Hlífar innsigla samkomulagið við Sorpu. Sigurður Bessason og Björn H. Halldórsson handsala samningnum

Sorpa semur við Eflingu og Hlíf


Gengið hefur verið frá nýjum samningi við Sorpu um launakjör félagsmanna í Eflingu og Hlíf í Hafnarfirði.

Mikill meirihluti félagsmanna studdi samninginn í atkvæðagreiðslu

Samingurinn var samþykktur í vikunni með miklum meirihluta atkvæða en hann er í meginatriðum það sama og gildir fyrir Reykjavíkurborg. Áfram gilda þau sératriði sem samið var um í samningi við Sorpu 2005. Í stað hæfnislauna eða greiðslna vegna frammistöðumats kemur eingreiðsla

að upphæð 16.735 kr. fyrir þá sem voru í fullu starfi 1. nóvember 2008, en ella hlutfallslega.

Mikill meirihluti félagsmanna studdi samninginn. Úrslitin fóru þannig: 71 var á kjörskrá. 29 greiddu atkvæði eða 40,85% þar af samþykktu 27 eða 93,1% 2 voru á móti eða 6,9%.



Gott fólk í Hafnarfirði

Félagsmönnum Eflingar sem starfa í Hafnarfirði fjölgaði um áramótin, þegar Hédinn flutti starfsemi sína að Gjáhellu 4 í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni.

HÉÐINN

Gjáhellu 4 • 221 Hafnarfjörður
Sími 569 2100 • hedinn.is



Samstarfsverkefni Eflingar

SAM á Indlandi gengur vel

- segir Jónas Þórir Þórisson

Áhugasamar konur á öllum aldri á námskeiði fylgjast vel með kennslunni

SAM eða **Social Action Movement** á Indlandi hélt áfram starfi á grundvelli samstarfssamnings við Eflingu-stéttarfélag á síðasta ári. Um er að ræða ýmiss konar þjálfun og menntun fólks sem lakast stendur í þjóðfélagsstiganum í Tamil Nadu héraði á Suður Indlandi. SAM stendur fyrir námskeiðum og fræðslufundum þar sem lögð er áhersla á menningarleg, borgarleg og pólitísk réttindi launafólks. Sérstök áhersla er á að kenna fólki að skapa sér tækifæri til að geta séð sér og sínum farborða fjárhagslega og segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Kirkjunnar, að starfið gangi mjög vel og aðstoð Eflingar-stéttarfélags sé mjög dýrmæt.

Peir sem stunda þessa atvinnu eru lítils metnir en starf SAM miðar að því að breyta þessu viðhorfi

Allmörg verkefni eru í gangi á vegum SAM á Indlandi með stuðningi Eflingar. Má þar nefna sem dæmi námskeið fyrir starfsmenn sem sinna ýmsum þvottastörfum, læra að standa rétt að tekjuöflun og verða sjálfstæðir en SAM aðstoðaði þessa lágstétt á sínum tíma til frelsis undan ánaud en nú er áherslan á að geta lifað af tekjum eigin fyrirtækis. Þeir sem stunda þessa atvinnu eru lítils metnir en starf SAM miðar að því að breyta þessu viðhorfi.

Skriflegir samningar um lán

Þá eru sérstakir fræðslufundir fyrir fólk sem hefur losnað úr eins konar vistarbandi eigenda sinna. Áherslan gagnvart þessum hópi er á að kynna fólki þau grundvallarréttindi sem launafólk þarf að styðjast við til að geta verið sjálfbjarga í launavinnu. Til dæmis er lögð á það rík áhersla að peningalán á móti launavinnu þurfi ætíð að vera skrifleg en það hefur tíðkast meðal atvinnurekenda á þessu svæði að lána launafólki fé sem þarf síðan að margendurgreiða upphæðina þar sem engir pappírar eru afhentir við útborgun lánsins.

Ýmis námskeið fyrir konur

Á hverju ári eru haldin námskeið sem eru sérstaklega ætluð konum. Eitt slíkt var haldið á síðasta ári og það sóttu yfir sextíu konur á ýmsum aldri. Á námskeiðinu var þátttakendum kennt hvernig á að reka lítið kúabú og framleiða mjólk og aðrar afurðir svo sem mjólkurduft, kennd var meðferð kúa og hvaða sjúkdóma ætti helst að varast svo og hvernig best væri að fódra kú en gengið var út frá bústærð með einni kú. Það athyglisverða og skemmtilega við þessi fræðslunámskeið er að fljótlega eftir að þau eru haldin má strax sjá árangurinn. Þannig voru strax nokkrar konur komnar með eina kú og farnar að framleiða mjólk til neyslu og til að selja sér til framfærslu.

Þá má nefna þjálfun verkalýðsleiðtoga undir umsjón SAM, en þrjú verkalýðssambönd starfa í tengslum við samtökin. Ýmsa aðra starfsemi má nefna á vegum SAM svo sem starfsráðgjöf til nemenda, ýmiss konar menningartengda viðburði og fleira sem of langt væri að telja.



Vorönn 2009

Fjölbreytt námskeið í boði:

- Tungumál
- Tölvunámskeið
- Íslenska fyrir útlendinga
- Kurs języka islandzkiego dla obcokrajowcow
- Icelandic for foreigners
- Garðyrkjunámskeið
- Verklegar greinar
- Saumanámskeið
- Matreiðslunámskeið
- Föðunarnámskeið

kvoldskoli@kopavogur.is

Þekking Menntun Fræðsla

**Auktu við þekkingu þína á
skjótan og skemmtilegan hátt**

Innritun og upplýsingar
í síma 564 1507,
á vef skólans og á skrifstofu
Kvöldskólans í Snælandsskóla
við Furugrund.

Verið velkomin!



<http://kvoldskoli.kopavogur.is>



Hús sem átti sér sögu

Litla Brekka við Suðurgötu

Heimili Eðvarðs Sigurðssonar

Í Litlu Brekku við Suðurgötu bjó Eðvarð Sigurðsson mikinn hluta æfi sinnar. Hann batt mikla tryggð við þennan gamla bæ og bjó í honum fram á sjöunda áratug síðustu aldar og sat þar meðan sætt var. Það þurfti að rýma fyrir breiðari Suð-

urgötu með stefnu á Keili og nýjum og glæsilegum byggingum Háskóla og ríkis.

Eðvarð var fæddur 18. júlí 1910. Hann var kosinn í stjórn Dagsbrúnar 3. febrúar 1942 og var formaður

Dagsbrúnar frá 1961 til 1982. Alþingismaður frá 1959 til 1979.

Það er nokkuð víst að Eðvarð var eini þingmaður Reykvíkinga sem að bjó í torfbæ og hér er mynd af bænum hans tekin að vetrarlagi. Mjög líklega 1948 en ekki er hægt að fullyrða svo óbyggjandi sé um ártalið.

Eðvarð lést 9 júlí 1983 aðeins einu ári eftir að hann lét af störfum.

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502



Vetrarkyrrð í Ölfusborgum


Ölfusborgir eru elsta orlofsbyggð verkalýðshreyfingarinnar. Eins og sjá má á trjágróðrinum er þetta gömul mynd, Elfirunnarnir og skjólbeltin eru ekki fyrirferðarmikil og runnarnir eru rétt farnir að gægjast upp úr sölnuðu grasinu.

Það er gott að njóta vetrarkyrrðar í Ölfusborgum, húsunum sem eru lítil að utan en stór að innan, hlý og traust. Fyrir Eflingarfélagi er leiðin til Ölfusborga stutt hvort sem þeir búa í Kópavogi, Kjalarnesi, Breiðholti, Þor-

lákshöfn eða Grafarvogi. Það er gott að eiga friðsælan stað innan seilingar og þurfa ekki að aka langvegi og eyða í það tíma sínum, orku og fokdýru eldsneyti.



*Efling-stéttarfélag
sendir félagsmönnum og landsmönnum öllum
hugheilar nýárskveðjur
með ósk um farsæld á nýja árinu*



Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

 Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 10. febrúar 2009.




Rósa Haraldsdóttir var heppin

Vann 15.000 krónur

Rósa Haraldsdóttir hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn í krossgátu síðasta Eflingarblaðs. Rósa vannur á næturvakt á Hjúkrunarheimilinu Seljahlið í Breiðholti og við ræstingar í Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Hún sagði að vinningurinn kæmi á réttum tíma vegna þess að hún væri að hugsa um að bregða sér til Florida eftir áramót. Rósa fær bestu heilla- og ferðaóskir frá Eflingu

Lausn síðustu krossgátu



**LAUSNARORD:
VAMBARSLTUR**



VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysisskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

**Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.**



Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig
- Sterkari saman!

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is


EFLING
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér



Gildi býður úrræði í greiðsluerfiðleikum

Gildi – lífeyrissjóður býður sjóðfélögum sem eru í hættu með að lenda í greiðsluerfiðleikum með lán sín hjá sjóðnum upp á eftirfarandi úrræði

Séreignarsparnaður

Aukinn sveigjanleiki við útgreiðslu

Með nýjum lögum frá Alþingi sem samþykkt voru í desember verður heimilt að greiða séreignarsparnað út ásamt vöxtum í séreign við 60 ára aldur. Áður en þessi lagabreyting kom til framkvæmda mátti hefja útborgun lífeyrissparnaðar við 60 ára aldur en með jöfnum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum. Eða á þeim tíma sem réttþafa vantar upp á 67 ára aldur. Þegar 67 ára aldri var náð mátti hins vegar greiða sparnaðinn út. Þingið gerði þessa breytingu m.a. vegna gagnrýni sem komið hefur fram um þennan langa útgreiðslutíma, sérstaklega þegar um lægri upphæðir er að ræða. Tekið skal fram að hér er um heimildar-ákvæði að ræða og eflaust munu margir áfram velja þá leið að fá sparnaðinn greiddan eftir almennri eldri reglu.

Þá var felldar út þær hömlur sem verið hafa á útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign við andlát enda er það í samræmi við fyrrgreinda breytingu.



Þá var tekinn af allur vafi um að erlendir ríkisborgarar hafi rétt til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign þegar þeir flytjast úr landi, enda er slíkt ekki óheimilt samkvæmt milli-

Greiðslujöfnun

Ný lög frá Alþingi gera ráð fyrir breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Samkvæmt lögum þessum er heimilt að greiða af lánum með nýrri vísitölu greiðslujöfnunarvísitölu. Þessi vísitala er reiknuð mánaðarlega og mun að öllum líkindum hækka minna en neysluvísitalan sem lánin miðast við. Mismunurinn á þessum vísitölum mun leggjast við höfuðstólinn og koma síðar til greiðslu.

Skilmálabreytingar

- Að vanskil verði lögð við höfuðstól
- Lánstími verði lengdur í allt að 40 ár frá útgáfu skuldabréfsins.
- Gjaldddögum verði fækkað eða fjölgað.
- Breytt verði úr jöfnum afborgunum í jafnar greiðslur.
- Heimilt verði tímabundið að greiða eingöngu vexti.

Frysting lána

- Boðið er upp á 6-12 mánaða „frystingu“ lána þ.e. tímabundna ívilnun með breytingu á lánaskilmálum.
- Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn sjóðsins.



Mikið fjör á jólaballi Eflingar

Yngsta kynslóðin og reyndar þeir eldri líka skemmti sér alveg konunglega á jólaskemmtun Eflingar sem haldin var 30. desember síðastliðinn. Á þriðja hundrað manns var saman komið í sal Ferðafélagsins í Mörkinni og var smáfólkið þar í áberandi meirihluta eins og vænta mátti. Þar var dansað og sungið af mikilli innlifun í kringum jólatré og ekki annað að heyra og sjá en að krakkararnir kynnu lögin og textana enda sjálf-sagt búin að syngja þau oft í leikskól-anum. Hápunktur skemmtunarinnar var þegar tveir myndarlegir jólasveinar komu í heimsókn. Þeir allra yngstu voru óneitanlega dálítill smeykir fyrst í stað en það lagaðist allt þegar þeir sveinar fóru að útdeila gjöfum sem var dálítill poki með góðgæti í. Víst er að allir fóru glaðir úr gleðskapnum bæði litlu og full-orðnu börnin í hópnum.



starfsafl
starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Þú finnur nám.
Við styrkjum þig.

www.starfsafl.is

ERT ÞÚ GÓÐ FYRIRMYND?



Börn sem alast upp við reykingar á heimilinu eru þrisvar sinnum líklegri til að byrja sjálf að reykja




RÁÐGJÖF
Í REYKBINDINDI

800 6030

Skráðu þig á gagnvirku heimasíðuna **reyklaus.is**



LÝÐHEILSUSTÖÐ



NÝTT FRÁ NICORETTE!

NICORETTE SPICEMINT NIKÓTÍNLÝFJATYGGIGUMMÍ MEÐ KANIL OG PIPARMYNTU.

Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí er notað sem hjálpartæki til að hætta eða draga úr reykingum. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar því fólki að venja sig af tóbaki.



Þín leið, þín ákvörðun,
þitt Nicorette

Nicorette Spicemint 2mg og 4 mg, Nicorette Spicemint 2mg og 4 mg, lyfjatyggigúmmí. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, en hámarksdagsskammtur er 24 stk. Kynnið ykkur vel upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vísitor hf., Hörgatún 2, Garðabæ.